

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í landi Kambshóls, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir sumarhúsalóðir í landi Kambshóls í Svínadal, Hvalfjarðarstrandarhreppi. Skipulags- og byggingarnefnd ásamt hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fjallað um og samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundalóða í landi Kambshóls. Um er að ræða fækkun lóða í Efstaási. Breytingin felst í því að frístundalóð nr. 24 við Efstaás er felld niður og lóðir nr. 20 og 22 stækka sem því nemur, sem afmarkast á skipulagsuppdraetti dagsettum 19. júní 2003.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir innsend gögn skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og gerir ekki athugasemd við birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og fallist hefur verið á grenndarkynningu sem þegar hefur farið fram.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hlöðum, 8. október 2003.*

F.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps,

**Hallfreður Vilhjálmsson** oddviti.

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

#### 1. gr.

Við 2. gr. Skilgreiningar undir *Vottað fræ – (flokkur C)* bætist eftirfarandi:

- c) i) Við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði, eða  
ii) þegar um er að ræða skilyrðin sem mælt er fyrir um í 8. viðauka, reynist uppfylla þessi skilyrði, annaðhvort við opinbera athugun eða við athugun sem fer fram undir opinberu eftirliti.

#### 2. gr.

Við 3. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

Opinber skoðun sem framkvæmd er af aðfangaeftirlitinu vegna viðurkenningar á yrkjum í landbúnaði skal vera í samræmi við og taka að minnsta kosti til þeirra einkenna sem kveðið er á um í tilskipunum Evrópusambandsins nr. 72/168/EBE og 72/180/EBE ásamt áorðnum breytingum. Tryggja skal að lágmarksskilyrðum, sem þar eru talin upp sé fullnægt við skoðun.

#### 3. gr.

Við 5. grein um söluskilyrði bætist:

Ákvæði tilskipunar ráðsins nr. 98/95/EB sem tekin var inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 158/2002 tekur til breytinga er varða sameiningu innri markaðarins, erfðabreytt plöntuafbrigði og erfðauðlindir plantna og vísast til hennar í því sambandi. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1.

## 4. gr.

Við 12. gr. um merkingar bætist eftirfarandi málsgrein:

Aðfangaeftirlitið getur heimilað einföldun merkinga umbúða þegar fræ í flokknum „vottað fræ“ er selt í lausu til neytenda að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) ílát með fræi, sem á að selja beint til notanda, skal innihalda fræ sem hefur verið vottað í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar eftir því sem við á;
- b) fræið skal selt beint til notanda;
- c) ílátinu, sem notandinn setur fræið í, skal lokað þegar það er orðið fullt;
- d) eftir því sem við á, skal taka opinbert sýni, að minnsta kosti slembisýni, þegar verið er að fylla ílátin sem um getur í c-lið;
- e) upplýsingarnar á opinbera merkimiðanum skulu einnig standa á fylgiseðli sem seljandinn afhendir notandanum;
- f) seljandinn skal, í lok hvers almanaksárs, tilkynna aðfangaeftirlitinu um það magn af fræi sem er selt í lausu.

## 5. gr.

Við 16. gr. um innsigli bætist eftirfarandi málsgrein:

Aðfangaeftirlitið getur heimilað einföldun á lokunarbúnaði þegar fræ í flokknum „vottað fræ“ er selt í lausu til neytenda að uppfylltum skilyrðum sem talin eru upp í 4. mgr. 12. gr.

## 6. gr.

Við C-hluta 8. viðauka undir *Almennt um plöntuskoðunina* á eftir 1. setningu bætist eftirfarandi málsgrein:

Við framkvæmd eftirlitsins skal taka mið af nánari ákvæðum í tilskipunum Evrópusambandsins nr. 2002/53/EB, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB, ásamt áorðnum breytingum á tilskipun 2002/57/EB samkvæmt tilskipun 2002/68/EB sem er birt í fylgiskjali 2.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og til innleiðingar á tilskipun ráðsins nr. 98/95/EB og 98/96/EB sem teknar voru inn í III. kafla I. viðauka við EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 158/2002, tilskipun ráðsins nr. 2001/64/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2002/8/EB sem teknar voru inn í III. kafla I. viðauka við EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 123/2002 og tilskipun ráðsins nr. 2002/68/EB sem tekin var inn í III. kafla I. viðauka við EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 40/2003. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. október 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

**Fylgiskjal 1.****TILSKIPUN RÁÐSINS 98/95/EB**

frá 14. desember 1998

**um breytingu, að því er varðar sameiningu innri markaðarins, erfðabreytt plöntuafbrigði og erfðaauðlindir plantna, á tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 69/208/EBE, 70/457/EBE og 70/458/EBE um markaðssetningu sykkurrófufraja, fódurjurtafraja, sáðkorns, útsæðiskartaflna, olíu- og trefjajurtafraja og matjurtafraja og um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

— tilskipun ráðsins 66/403/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu útsæðiskartaflna <sup>(7)</sup>,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,— tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafraja <sup>(8)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,— tilskipun ráðsins 70/457/EBE frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði <sup>(9)</sup>, og*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Af ástæðum, sem greint er frá hér á eftir, ber að breyta eftirfarandi tilskipunum um markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni:

— tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurrófufraja <sup>(4)</sup>,— tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafraja <sup>(5)</sup>,— tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(6)</sup>,— tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafraja <sup>(10)</sup>.

2) Að því er varðar sameiningu innri markaðarins er nauðsynlegt að breyta eða fella úr gildi tiltekin ákvæði framangreindra tilskipana með það fyrir augum að ryðja úr vegi öllum raunverulegum eða hugsanlegum viðskiptahindrunum sem gætu staðið í vegi fyrir frjálsum flutningi fræs innan bandalagsins. Þess vegna skal útiloka alla möguleika aðildarríkjanna á því að víkja einhliða frá ákvæðum framangreindra tilskipana.

3) Af sömu ástæðu skal víkka út gildissvið þessara tilskipana svo að þær nái einnig til framleiðslu á fræi til markaðssetningar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 29, 31.1.1994, bls. 1, og Stjtið. EB C 53, 20.2.1995, bls. 8.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 286, 22.9.1997, bls. 36.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 195, 18.7.1994, bls. 36.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2290/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB (Stjtið. EB L 304, 27.11.1996, bls. 10).<sup>(5)</sup> Stjtið. EB 125 11.7.1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB.<sup>(6)</sup> Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2309/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB.<sup>(7)</sup> Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2320/66. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/111/EB (Stjtið. EB L 28, 4.2.1998, bls. 42).<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 169, 10.7.1969, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB.<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 225, 12.10.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 225, 12.10.1970, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB.

- 4) Hægt á að vera, með ákveðnum skilyrðum, að setja á markað kynbætt fræ aetliða sem eru undanfari stofnfræs og ómeðhöndlaðs sáðkorns.
- 5) Aðildarríki, sem nýta sér undanþágur, sem eru enn leyfðar samkvæmt framangreindum tilskipunum, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun. Beiting slíkra undanþágna er með fyrirvara um 7. gr. a í sáttmálanum.
- 6) Fastanefndin um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt skal ákvarða þau skilyrði sem aðildarríkjum eru sett til að þau geti heimilað markaðssetningu á litlu magni af fræi til prófana, í vísindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar.
- 7) Í ákveðnum tilvikum skal fastanefndin um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt ákveða hvort merkimiðar birgja skuli vera á umbúðum stofnfræs eða vottaðs fræs.
- 8) Þegar um er að ræða tilteknar tegundir af fræi, sem fellur undir ákvæði tilskipunar 66/401/EBE, ber að leyfa vottun fræs af fyrsta og öðrum aetlið.
- 9) Þegar um er að ræða tilteknar tegundir af fræi, sem fellur undir ákvæði tilskipunar 66/402/EBE, ber að leyfa aðildarríkjum að takmarka vottun fræs við fyrsta aetlið.
- 10) Rétt er að breyta lágmarksstærð útsæðiskartaflna sem setja má á markað samkvæmt tilskipun 66/403/EBE og skapa lagagrundvöll sem gerir það kleift að breyta síðar stærð ferhyrnds möskva sem notaður er til að mæla lágmarksstærð útsæðiskartaflna. Setja ber ákvæði um að aðskilja útsæðiskartöflur frá öðrum kartöflum af plöntuheilbrigðisástæðum.
- 11) Fræ, sem fellur undir ákvæði tilskipunar 70/457/EBE, skal vera heimilt að markaðssetja án takmarkana í bandalaginu tveimur mánuðum eftir birtingu í sameiginlegu skránni.
- 12) Skilyrði fyrir markaðssetningu blendinga tiltekinnar tegunda, sem falla undir tilskipun 70/458/EBE, skulu ákvörðuð í samræmi við málsmeðferð fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt. Samkvæmt sömu tilskipun skal samþykkja ákvæði um að endurnýja opinbera samþykkið fyrir tiltekin yrki til að komast hjá því að brjóta upp núgildandi venjur við merkingu umbúða.
- 13) Í ljósi reynslunnar er gagnlegt að skýra og uppfæra tiltekin ákvæði framangreindra tilskipana.
- 14) Vegna framfara í vísindum og tækni er nú unnt að rækta yrki með breytingum á erfðaeefni. Þess vegna ber aðildarríkjum, þegar þau ákveða hvort þau eigi að samþykkja erfðabreytt yrki í skilningi tilskipunar ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið <sup>(1)</sup>, í samræmi við tilskipanir 70/457/EBE og 70/458/EBE, að taka tillit til þeirrar hættu sem það getur haft í för með sér að sleppa þeim út í umhverfið af ásettu ráði. Enn fremur skal skapa lagagrundvöll sem gerir það kleift að setja skilyrði fyrir markaðssetningu slíkra erfðabreyttra yrkja.
- 15) Reglur um markaðssetningu nýrra matvæla og nýrra innihaldsefna í matvælum eru settar á vettvangi bandalagsins með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 <sup>(2)</sup>. Þess vegna ber aðildarríkjum einnig að taka tillit til hvers konar heilsufarsáhættu í tengslum við matvæli þegar þau ákveða hvort samþykkja skuli yrki samkvæmt tilskipunum 70/457/EBE og 70/458/EBE. Enn fremur er rétt að skapa lagagrundvöll svo að tekið sé tillit til þessarar þróunar.
- 16) Í ljósi framfara í vísindum og tækni er rétt að skapa lagagrundvöll sem gerir það kleift að setja skilyrði fyrir markaðssetningu efnafraðilega meðhöndlaðs fræs.
- 17) Nauðsynlegt er að tryggja að erfðauðlindir plantna séu varðveittar. Með það fyrir augum þarf að skapa lagagrundvöll sem gerir kleift, innan ramma laga um verslun með fræ, að varðveita, með notkun á staðnum, afbrigði sem eru á hættu vegna erfðatæringar.
- 18) Skapa þarf lagagrundvöll til að unnt sé að setja skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hentar til lífrænnar ræktunar.
- 19) Gera þarf tilteknar bráðabirgðaráðstafanir til að auðvelda þær ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar samkvæmt þessari tilskipun.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 117, 8.5.1990, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/35/EB (Stjótið. EB L 169, 27.6.1997, bls. 72).

<sup>(2)</sup> Stjótið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 66/400/EBE er breytt sem hér segir:

## 1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.

Þessi tilskipun gildir um framleiðslu til markaðssetningar og um markaðssetningu á sykkurófufræi í bandalaginu.“

## 2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 1. gr.:

„1. gr. a

Í þessari tilskipun merkir „markaðssetning“ sölu, lagervörslu með sölu í huga, söluframboð og alla ráðstöfun, afhendingu eða tilfærslu á fræi til þriðju aðila, sem miðar að nýtingu þess í ábataskyni, hvort heldur er gegn gjaldi eða ekki.

Viðskipti með fræ, sem miða ekki að nýtingu yrkisins í ábataskyni, svo sem eftirfarandi aðgerðir, skulu ekki teljast markaðssetning:

— afhending á fræi til opinberra prófunar- og skoðunaraðila,

— afhending til þjónustuveitenda á fræi til vinnslu eða þökkunar, að því tilskildu að þjónustuveitandinn öðlist ekki eignarrétt yfir fræi sem er afhent á þann hátt.

Afhending á fræi með tilteknum skilyrðum til þjónustuveitenda vegna framleiðslu á tilteknu landbúnaðarhráefni, sem er ætlað til iðnaðarnota, eða fræframleiðsla í sama tilgangi, skal ekki teljast markaðssetning að því tilskildu að þjónustuveitandinn fái hvorki eignarrétt yfir fræinu, sem er afhent á þann hátt, né uppskerunni. Sá sem afhendir fræið skal láta vottunaraðilanum í té afrit af viðeigandi hlutum samningsins sem var gerður við þjónustuveitandann og þar skulu koma fram þeir staðlar og skilyrði sem fræið, sem afhent er, uppfyllir á þeim tíma.

Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

## 3. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu kveða á um að ekki megi markaðssetja sykkurófufræ nema það hafi fengið opinbera vottun sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.“

## 4. Ákvæði 3. mgr. 3. gr. falli úr gildi.

## 5. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 3. gr.:

„3. gr. a

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að setja megi:

— kynbætt fræ ættliðanna á undan stofnfræi, og

— ómeðhöndlað fræ, markaðssett til vinnslu, að því tilskildu að tryggt sé að fræið sé ósvikið,

á markaðinn.“

## 6. Eftirfarandi undirgrein bætist við í lok 4. gr.:

„Aðildarríkin, sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um annaðhvort í a- eða b-lið, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar eftirlit.“

## 7. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. gr.:

„4. gr. a

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. geta aðildarríkin heimilað framleiðendum á yfirráðasvæði sínu að markaðssetja:

a) lítið magn af fræi í vísindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar;

b) hæfilegt magn af fræi til annarra prófana eða tilrauna, að því tilskildu að það sé af yrkjum sem sótt hefur verið um að verði skráð í tegundaskrána í viðkomandi aðildarríki.

Sé um að ræða erfðabreytt efni má einungis veita slíkt leyfi ef allar viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilsu manna og umhverfið. Þess vegna skulu ákvæði 4. mgr. 7. gr. í tilskipun 70/457/EBE gilda um umhverfisáhættumatið, sem framkvæmt verður í þessu skyni.

2. Ákvarða skal í hvaða tilgangi veita má heimildina sem um getur í b-lið 1. mgr., ákvæði um merkingu pakka og magnið og skilyrðin fyrir því að aðildarríki geti veitt slíka heimild í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 21. gr.

3. Heimildir, sem aðildarríkin veita framleiðendum á yfirráðasvæði sínu áður en þessi tilskipun er samþykkt í þeim tilgangi sem getið er um í 1. mgr., skulu haldast í gildi þar til ákvæðin, sem um getur í 2. mgr., hafa verið fastsett. Eftir það skulu allar slíkar heimildir vera samkvæmt ákvæðunum sem eru sett í samræmi við 2. mgr.“

## 8. Ákvæði 4. mgr. 10. gr. falli úr gildi.

9. Ákvæði 2. mgr. 11. gr. falli úr gildi.

10. Í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr. a komi setningin „Merkimiðinn skal vera hvítur þegar um er að ræða stofnfræ og blár þegar um er að ræða vottað fræ“ í stað setningarinnar „Merkimiðinn skal vera blár“.

11. Orðið „vottuðu“ í 11. gr. b falli brott.

12. Orðið „vottuðu“ í 11. gr. c falli brott.

13. Í stað 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„1. Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. er hægt að ákveða að í öðrum tilvikum, en þeim sem þegar hefur verið kveðið á um í þessari tilskipun, skuli merkimiði birgis vera á hvers konar pökkum með stofnfræi eða vottuðu fræi (sem getur annaðhvort verið merkimiði, aðskilinn frá opinbera merkimiðanum, eða upplýsingar frá birgi sem eru prentaðar á pakkann sjálfan). Einstök atriði, sem eiga að koma fram á slíkum merkimiða, skulu einnig ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

14. Eftirfarandi grein bættist við á eftir 12. gr.:

„12. gr. a

Þegar um er að ræða fræ af erfðabreyttu yrki skal tilgreina á skýran hátt á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða fylgir með framleiðslueiningu fræsins samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að yrkið sé erfðabreytt.“

15. Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ, sem er sett á markað samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er skyldubundið eða að eigin ákvörðun, sé ekki háð neinum markaðstakmörkunum að því er varðar eiginleika þess, kröfur um athugun, merkingu og lokun umbúða, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða einhverri annarri tilskipun.“

16. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 14. gr. falli úr gildi.

17. Ákvæði c-liðar 2. mgr. 14. gr. falli úr gildi.

18. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. falli úr gildi.

19. Eftirfarandi grein bættist við á eftir 14. gr.:

„14. gr. a

Skilyrði fyrir því að setja megi kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræinu á markað samkvæmt fyrsta undirlið 3. gr. a skulu vera sem hér segir:

a) fræið skal hafa fengið opinbera skoðun hjá þar til bærum vottunaraðila í samræmi við gildandi ákvæði um vottun stofnfræs;

b) fræið skal vera í umbúðum í samræmi við þessa tilskipun; og

c) á umbúðunum skal vera opinber merkimiði þar sem fram koma a.m.k. eftirtaldir upplýsingar:

— vottunaraðili og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,

— tilvísunarnúmer framleiðslueiningar,

— mánuður og ár lokunar umbúða, eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku vegna vottunar,

— tegundir, tilgreindar a.m.k. í latneskum bókstöfum með grasaheiti sínu, sem má vera stytt heiti og án höfundarnafns, eða með almennu heiti eða hvort tveggja; tilgreina þarf hvort um er að ræða sykurrófur eða föðursykurrófur,

— yrki, tilgreint a.m.k. í latneskum bókstöfum,

— merkingin „af ættlið á undan stofnfræi“,

— fjöldi ættliða á undan fræi sem er í flokknum „vottað fræ“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

20. Í stað 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„2. Sykurrófufræ, sem hefur verið uppskorið í bandalaginu og á að setja í vottun í samræmi við 1. mgr., skal:

— vera í umbúðum og merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta IV. viðauka í samræmi við 1. mgr. 10. gr., og

— því skal fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta IV. viðauka.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðunum í fyrsta undirlið um pökkun og merkingu ef það eru sömu yfirvöld sem annast akurskoðun, útbúa vottunarskjöl vegna fræs sem hefur ekki verið vottað endanlega og annast vottun eða ef þessi yfirvöld eru sammála um að veita undanþágu.“

21. Í stað 17. gr. komi eftirfarandi:

„17. gr.

1. Til að komast hjá tímabundnum vanda sem skapast í bandalaginu m.t.t. almenns framboðs á stofnfræi eða vottuðu fræi, sem ekki er hægt að leysa með öðru móti, er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., að aðildarríkin veiti, í tiltekinn tíma í öllu bandalaginu, leyfi fyrir markaðssetningu á nauðsynlegu magni af fræi, í flokki sem

vægari kröfur gilda um eða fræi af yrki sem er ekki í sameiginlegu skránni yfir stofna nýttjurtu í landbúnaði eða í innlendum skrám yfir yrki í aðildarríkjunum, til að leysa erfðeigileika varðandi framboðið.

2. Þegar um er að ræða flokk fræs af tilteknu yrki skal opinberi merkimiðið vera merkimiðið sem notaður er fyrir viðkomandi flokk; þegar um er að ræða fræ sem er ekki í framangreindum skráum skal litur opinbera merkimiðans vera brúnn. Á merkimiðanum skal alltaf koma fram að viðkomandi fræ sé í flokki sem vægari kröfur gilda um.

3. Heimilt er að samþykkja reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

22. Í stað 1. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber skoðun fari fram í tengslum við markaðssetningu sykkurófufræs, a.m.k. með úrtakskönnunum, til að sannreyna hvort kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar séu uppfyllt.“

23. Í stað 2. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um frjálsan flutning á fræi innan bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau fái upplýsingar um eftirfarandi atriði þegar meira en tvö kíló af fræi, sem er flutt inn frá þriðja landi, eru sett á markað:

- a) tegund,
- b) yrki,
- c) flokkur,
- d) framleiðsluland og opinber skoðunaraðili,
- e) sendingarland,
- f) innflytjandi,
- g) magn fræs.

Heimilt er að ákveða á hvern hátt þessar upplýsingar skuli veittar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

24. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 22. gr.:

„22. gr. a

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. til að taka tillit til þróunarinnar að því er varðar:

- a) skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hefur fengið efnafraeðilega meðhöndlun;
- b) skilyrði fyrir því að setja megi fræ á markað í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra notkun erfðaauðlinda plantna, þ.m.t. fræblöndur af tegundum sem innihalda einnig tegundirnar sem eru

skráðar í 1. gr. tilskipunar ráðsins 70/457/EBE, og eru bundnar sérstökum ósnortnum og lítt snortnum heimkynnum og eru í hættu vegna, erfðatæringar;

c) skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hentar vel til lífrænnar ræktunar.

2. Sérstök skilyrðin, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:

i) varðandi b-lið skal fræ þessara tegunda vera af þekktum uppruna sem viðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur samþykkt vegna markaðssetningar fræsins á ákveðnum svæðum;

ii) varðandi b-lið, viðeigandi magntakmarkanir.“

25. Í 8. lið B-hluta III. viðauka komi orðið „flokkur“ í stað orðanna „vottað fræ.“

2. gr.

Tilskipun 66/401/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.

Þessi tilskipun gildir um framleiðslu til markaðssetningar og um markaðssetningu á föðurljurtufræi í bandalaginu.“

2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 1. gr.:

„1. gr. a

Í þessari tilskipun merkir „markaðssetning“ sölu, lagervörslu með sölu í huga, söluframboð og alla ráðstöfun, afhendingu eða tilfærslu á fræi til þriðju aðila, sem miðar að nýtingu þess í ábataskyni, hvort heldur er gegn gjaldi eða ekki.

Viðskipti með fræ, sem miða ekki að nýtingu yrkisins í ábataskyni, svo sem eftirfarandi aðgerðir, skulu ekki teljast markaðssetning:

— afhending á fræi til opinberra prófunar- og skoðunaraðila,

— afhending til þjónustuveitenda á fræi til vinnslu eða þökkunar, að því tilskildu að þjónustuveitandinn öðlist ekki eignarrétt yfir fræi sem er afhent á þann hátt.

Afhending á fræi með tilteknum skilyrðum til þjónustuveitenda vegna framleiðslu á tilteknu landbúnaðarhræfni, sem er ætlað til iðnaðarmota, eða fræframleiðsla í sama tilgangi skal ekki teljast markaðssetning að því

tílskildu að þjónustuveitandinn fái hvorki eignarrétt yfir fræinu, sem er afhent á þann hátt, né uppskerunni. Sá sem afhendir fræið skal láta vottunaraðilanum í té afrit af viðeigandi hlutum sammingsins sem var gerður við þjónustuveitandann og þar skulu koma fram þeir staðlar og skilyrði sem fræið, sem afhent er, uppfyllir á þeim tíma.

Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

3. Í stað C-hluta 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„C. Vottað fræ: fræ af öllum tegundum sem eru skráðar í A-lið, nema *Lupinus spp.* (lúpínute Gundum), *Pisum sativum* (ertum), *Vicia spp.* (flækjutegundum) og *Medicago sativa* (refasmára):

- a) sem hefur verið ræktað beint af stofnfræi eða, að kröfu ræktunarmanns, af fræi af ætlið á undan stofnfræinu sem við opinbera athugun reynist uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka fyrir stofnfræ;
- b) sem er ætlað til annarra nota en fræframléiðslu;
- c) sem, með fyrirvara um b-lið 4. gr., uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka að vottað fræ þurfi að uppfylla; og
- d) sem við opinbera athugun reynist uppfylla áðurnefnd skilyrði.“

4. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir C-hluta 1. mgr. 2. gr.:

„Ca. Vottað fræ af fyrsta ætlið (*Lupinus spp.*, *Pisum sativum*, *Vicia spp.* og *Medicago sativa*):

- a) sem hefur verið ræktað beint af stofnfræi eða, að kröfu ræktunarmanns, af fræi af ætlið á undan stofnfræinu sem getur uppfyllt og við opinbera athugun reynist uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka fyrir stofnfræ;
- b) sem er annaðhvort ætlað til framleiðslu á fræi í flokknum „vottað fræ af öðrum ætlið“ eða til annarra nota en framleiðslu á fódurjurtafræi;
- c) sem, með fyrirvara um b-lið 4. gr., uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka að vottað fræ þurfi að uppfylla; og

d) sem við opinbera athugun reynist uppfylla áðurnefnd skilyrði.

Cb. Vottað fræ af öðrum ætlið (*Lupinus spp.*, *Pisum sativum*, *Vicia spp.* og *Medicago sativa*):

a) sem hefur verið ræktað beint af stofnfræi, af vottuðu fræi af fyrsta ætlið eða, að kröfu ræktunarmanns, af fræi af ætlið á undan stofnfræinu sem getur uppfyllt og við opinbera athugun reynist uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka fyrir stofnfræ;

b) sem er ætlað til annarra nota en framleiðslu á fódurjurtafræi;

c) sem, með fyrirvara um b-lið 4. gr., uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka að vottað fræ þurfi að uppfylla; og

d) sem við opinbera athugun reynist uppfylla áðurnefnd skilyrði.“

5. Í G-hluta 1. mgr. 2. gr. er orðinu „stofnfræ“ skotið inn á undan orðunum „vottað fræ“.

6. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. falli úr gildi.

7. Í 1. mgr. 3. gr. falli brott orðin „og uppfyllir skilyrði II. viðauka“.

8. Í 2. mgr. 3. gr. falli brott orðin „og uppfyllir skilyrði II. viðauka“.

9. Ákvæði 5. mgr. 3. gr. falli úr gildi.

10. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 3. gr.:

„3. gr. a

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að setja megi:

— kynbætt fræ ætliðanna á undan stofnfræi, og

— ómeðhöndlað fræ, markaðssett til vinnslu, að því tilskildu að tryggt sé að fræið sé ósvikið,

á markaðinn.“

11. Eftirfarandi undirgrein bætist við í lok 4. gr.:

„Aðildarríkin, sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um annaðhvort í a- eða b-lið, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun.“

## 12. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. gr.:

„4. gr. a

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. geta aðildarríkin heimilað framleiðendum á yfirráðasvæði sínu að markaðssetja:

- a) lítið magn af fræi í vísindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar;
- b) hæfilegt magn af fræi til annarra prófana eða tilrauna, að því tilskildu að það sé af yrkjum sem sótt hefur verið um að verði skráð í tegundaskrána í viðkomandi aðildarríki.

Sé um að ræða erfðabreytt efni má einungis veita slíkt leyfi ef allar viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilsu manna og umhverfið. Þess vegna skulu ákvæði 4. mgr. 7. gr. í tilskipun 70/457/EBE gilda um umhverfisáhættumatid, sem framkvæmt verður í þessu skyni.

2. Ákvarða skal í hvaða tilgangi veita má heimildina sem um getur í b-lið 1. mgr., ákvæði um merkingu pakka og magnið og um skilyrðin fyrir því að aðildarríki geti veitt slíka heimild í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 21. gr.

3. Heimildir sem aðildarríkin veita framleiðendum á yfirráðasvæði sínu áður en þessi tilskipun er samþykkt í þeim tilgangi sem getið er um í 1. mgr., skulu haldast í gildi þar til ákvæðin, sem um getur í 2. mgr., hafa verið fastsett. Eftir það skulu allar slíkar heimildir vera samkvæmt ákvæðunum sem eru sett í samræmi við 2. mgr.“

## 13. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 5. gr.:

„5. gr. a

Aðildarríki geta takmarkað vottun fræs af *Lupinus* spp., *Pisum sativum*, *Vicia* spp. og *Medicago sativa* við vottað fræ af fyrsta ættlið.“

## 14. Ákvæði 4. mgr. 9. gr. falli úr gildi.

## 15. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. falli úr gildi.

## 16. Í stað 10. gr. b komi eftirfarandi:

„10. gr. b

Aðildarríkin geta kveðið á um að samkvæmt beiðni skuli merkja og loka litlum EB-B-fræþökkum opinberlega eða undir opinberu eftirliti í samræmi við 1. mgr. 9. gr. og 10. gr.“

## 17. Eftirfarandi komi í stað 11. gr.:

„11. gr.

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 21. gr., er hægt að kveða á um að aðildarríkin geti krafist þess að í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun skuli merkimiði birgis vera á þökkum með stofnfræi, vottuðu fræi eða sölufræi (sem getur annaðhvort verið merkimiði, aðskilinn frá opinbera merkimiðanum, eða upplýsingar frá birgi sem eru prentaðar á pakkann sjálfan) eða að opinbert vottorð skuli fylgja framleiðslueiningum fræs, sem uppfylla sérstök skilyrði um *Avena fatua*, sem sett eru í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. til staðfestingar á því að þessi skilyrði séu uppfyllt.

2. Einstök atriði, sem eiga að koma fram á slíkum merkimiða, skulu einnig ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

## 18. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 11. gr.:

„11. gr. a

Þegar um er að ræða fræ af erfðabreyttu yrki skal tilgreina á skýran hátt á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða fylgir með framleiðslueiningu fræsins samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að yrkið sé erfðabreytt.“

## 19. Fella skal brott 1. mgr. 13. gr. og í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tilgreina að markaðssetja megi fræ í formi blandna úr ýmsum ættkvíslum, tegundum eða yrkjum:

— ef ekki á að nota blöndurnar til ræktunar fódurjurta en þá mega blöndurnar innihalda fræ fódurjurta og fræ jurta sem eru ekki fódurjurtir í skilningi þessarar tilskipunar,

— ef nota á blöndurnar til ræktunar fódurjurta en þá má blandan innihalda fræ af jurtagundum sem eru skráðar í tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 69/208/EBE eða 70/458/EBE, að frátöldum afbrigðunum sem um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/457/EBE,

— ef nota á blöndurnar við varðveislu náttúrlegs umhverfis í tengslum við verndun erfðaaúðlinda, sem um getur í b-lið 22. gr. a, þar sem blöndur geta innihaldið fræ fódurjurta og fræ jurta sem eru ekki fódurjurtir í skilningi þessarar tilskipunar.

Í þeim tilvikum sem kveðið er á um í fyrsta og öðrum undirlíð skulu hinir ýmsu efnisþættir blöndunnar, að svo miklu leyti sem þeir tilheyra einhverri af jurtagundunum sem eru skráðar í tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 69/208/EBE og 70/458/EBE, uppfylla þær

reglur um markaðssetningu, sem gilda um þá, áður en þeim er blandað saman.

Önnur skilyrði, þ.m.t. merking með tilliti til tæknilegs samþykkis til fyrirtækja sem framleiða fræblöndur, skoðun á framleiðslu blöndunnar og sýnataka úr innihaldsefni upphaflegra framleiðslueininga og úr fullgerðri blöndu, skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

Að því er varðar þriðja undirlið skulu skilyrðin fyrir því að markaðssetja megi slíkar blöndur ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

20. Síðasta undirgrein 3. mgr. 13. gr. falli brott.

21. Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ, sem er sett á markað samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er skyldubundið eða að eigin ákvörðun, sé ekki háð neinum markaðstakmörkunum að því er varðar eiginleika þess, kröfur um athugun, merkingu og lokun umbúða, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða einhverri annari tilskipun.“

22. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. falli úr gildi.

23. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. falli úr gildi.

24. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 14. gr.:

„14. gr. a

Skilyrði fyrir því að setja megi kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræinu á markað samkvæmt fyrsta undirlið 3. gr. a skulu vera sem hér segir:

- fræið skal hafa fengið opinbera skoðun hjá þar til bærum vottunaraðila í samræmi við gildandi ákvæði um vottun stofnfræs;
- fræið skal vera í umbúðum í samræmi við þessa tilskipun, og
- á umbúðunum skal vera opinber merkimiði þar sem fram koma a.m.k. eftirtaldir upplýsingar:
  - vottunaraðili og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
  - tilvísunarnúmer framleiðslueiningar,
  - mánuður og ár lokunar umbúða, eða
  - mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku vegna vottunar,
  - tegundir, tilgreindar a.m.k. með grasaheiti sínu í latneskum bókstöfum, mega vera tilgreindar með stytta heiti og án höfundarnafns,

— yrki, tilgreint a.m.k. í latneskum bókstöfum,

— merkingin „af ættlið á undan stofnfræi“,

— fjöldi ættliða á undan fræi sem er í flokknum „vottað fræ“ eða „vottað fræ af fyrsta ættlið“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

25. Í stað 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„2. Fóðurjurtafræ, sem hefur verið uppskorið í bandalaginu og á að setja í vottun í samræmi við 1. mgr., skal:

— vera í umbúðum og merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka í samræmi við 1. mgr. 9. gr., og

— því skal fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðunum í fyrsta undirlið um pökkun og merkingu ef það eru sömu yfirvöld sem annast akurskoðun, útbúa vottunarskjöl vegna fræs sem hefur ekki verið vottað endanlega og annast vottun eða ef þessi yfirvöld eru sammála um að veita undanþágu.“

26. Eftirfarandi komi í stað 17. gr.:

„17. gr.

1. Til að komast hjá tímabundnum vanda sem skapast í bandalaginu m.t.t. almenns framboðs á stofnfræi, vottuðu fræi eða sölufræi, sem ekki er hægt að leysa með öðru móti, er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., að aðildarríkin veiti, í tiltekinn tíma í öllu bandalaginu, leyfi fyrir markaðssetningu á nauðsynlegu magni af fræi, í flokki sem vægari kröfur gilda um eða fræi af yrki sem er ekki í sameiginlegu skránni yfir stofna nytjajurta í landbúnaði eða í innlendum skrám yfir yrki í aðildarríkjunum, til að leysa erfiðleika varðandi framboðið.

2. Þegar um er að ræða flokk fræs af tilteknu yrki skal opinberi merkimiðinn vera merkimiðinn sem notaður er fyrir viðkomandi flokk; þegar um er að ræða fræ sem er ekki í framangreindum skrám skal opinberi merkimiðinn vera merkimiðinn sem kveðið er á um fyrir sölufræ. Á merkimiðanum skal alltaf koma fram að viðkomandi fræ sé í flokki sem vægari kröfur gilda um.

3. Heimilt er að samþykka reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

## 27. Í stað 1. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber skoðun fari fram í tengslum við markaðssetningu fóðurjurtafræs, a.m.k. með úrtakskönnunum, til að sannreyna hvort kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar séu uppfyllt.“

## 28. Í stað 2. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um frjálstan flutning á fræi innan bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau fái upplýsingar um eftirfarandi atriði þegar meira en tvö kíló af fræi, sem er flutt inn frá þriðja landi, eru sett á markað:

- tegund,
- yrki,
- flokkur,
- framleiðsluland og opinber skoðunaraðili,
- sendingarland,
- innflytjandi,
- magn fræs.

Heimilt er að ákveða á hvern hátt þessar upplýsingar skuli veittar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

## 29. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 22. gr.:

„22. gr. a

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. til að taka tillit til þróunarinnar að því er varðar:

- skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hefur fengið efnafræðilega meðhöndlun;
  - skilyrði fyrir því að setja megi fræ á markað í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra notkun erfðauðlinda plantna, þ.m.t. fræblöndur af tegundum sem innihalda einnig tegundirnar sem eru skráðar í 1. gr. tilskipunar ráðsins 70/457/EBE, og eru bundnar sérstökum ósnortnum og lítt snortnum heimkynnum og eru í hættu vegna erfðatæringar;
  - skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hentar vel til lífrænnar ræktunar.
2. Sérstöku skilyrðin, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:

- varðandi b-lið skal fræ þessara tegunda vera af þekktum uppruna sem viðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur samþykkt vegna markaðssetningar fræsins á ákveðnum svæðum;

- varðandi b-lið, viðeigandi magntakmarkanir.“

30. Í fyrsta undirlið í 1. lið I. þáttar II. viðauka bætist við orðin „*Brassica napus var. napobrassica* og *Brassica oleracea convar. acephala*“ á eftir orðunum „I. viðauka“.

31. Í öðrum málslið í 1. lið I. þáttar II. viðauka falli brott orðin „*Brassica napus var. napobrassica* og *Brassica oleracea convar. acephala*“.

32. Í 8. lið a-liðar B-hluta IV. viðauka komi orðið „flokkur“ í stað orðanna „vottað fræ.“

3. gr.

Tilskipun 66/402/EBE er breytt sem hér segir:

## 1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.

Þessi tilskipun gildir um framleiðslu til markaðssetningar og um markaðssetningu á sáðkorni í bandalaginu.“

## 2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 1. gr.:

„1. gr. a

Í þessari tilskipun merkir „markaðssetning“ sölu, lagervörslu með sölu í huga, söluframboð og alla ráðstöfun, afhendingu eða tilfærslu á fræi til þriðju aðila, sem miðar að nýtingu þess í ábataskyni, hvort heldur er gegn gjaldi eða ekki.

Viðskipti með fræ, sem miða ekki að nýtingu yrkisins í ábataskyni, svo sem eftirfarandi aðgerðir, skulu ekki teljast markaðssetning:

— afhending á fræi til opinberra prófunar- og skoðunaraðila,

— afhending til þjónustuveitenda á fræi til vinnslu eða þökkunar, að því tilskildu að þjónustuveitandinn öðlist ekki eignarrétt yfir fræi sem er afhent á þann hátt.

Afhending á fræi með tilteknum skilyrðum til þjónustuveitenda vegna framleiðslu á tilteknu landbúnaðarhræfni, sem er ætlað til iðnaðarmota, eða fræframleiðsla í sama tilgangi, skal ekki teljast markaðssetning að því tilskildu að þjónustuveitandinn fái hvorki eignarrétt yfir fræinu, sem er afhent á þann hátt, né uppskerunni. Sá sem afhendir fræið skal láta vottunaraðilanum í té afrit af viðeigandi hlutum samningsins sem var gerður við þjónustuveitandann og þar skulu koma fram þeir staðlar og skilyrði sem fræið, sem afhent er, uppfyllir á þeim tíma.

Skilyrði fyrir beiðingu þessa ákvæðis skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

3. Ákvæði d-liðar 1. mgr. 2. gr. falli úr gildi.

4. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu kveða á um að ekki megi markaðssetja sáðkorn nema það hafi fengið opinbera vottun sem „stofnfræ“, „vottað fræ“, „vottað fræ af fyrsta ættlið“ eða „vottað fræ af öðrum ættlið“.“

5. Í 2. mgr. 3. gr. falli orðin „og markaðssetningu“ brott.

6. Ákvæði 4. mgr. 3. gr. falli úr gildi.

7. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 3. gr.:

„3. gr. a

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að setja megi:

— kynbætt fræ ættliðanna á undan stofnfræi, og

— ómeðhöndlað fræ, markaðssett til vinnslu, að því tilskildu að tryggt sé að fræið sé ósvikið,

á markaðinn.“

8. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. falli úr gildi.

9. Ákvæði 3. mgr. 4. gr. falli úr gildi.

10. Eftirfarandi málsgrein bætist við 4. gr.:

„4. Aðildarríkin, sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um annaðhvort í a- eða b-lið 1. mgr., skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun.“

11. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. gr.:

„4. gr. a

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. geta aðildarríkin heimilað framleiðendum á yfirráðasvæði sínu að markaðssetja:

a) lítið magn af fræi í vísindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar;

b) hæfilegt magn af fræi til annarra prófana eða tilrauna, að því tilskildu að það sé af yrkjum sem sótt hefur verið um að verði skráð í tegundaskrána í viðkomandi aðildarríki.

Sé um að ræða erfðabreytt efni má einungis veita slíkt leyfi ef allar viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilsu manna og umhverfið. Þess vegna skulu ákvæði 4. mgr. 7. gr. í

tilskipun 70/457/EBE gilda um umhverfisáhættumatið, sem framkvæmt verður í þessu skyni.

2. Ákvarða skal í hvaða tilgangi veita má heimildina sem um getur í b-lið 1. mgr., ákvæði um merkingu pakka og magnið og um skilyrðin fyrir því að aðildarríki geti veitt slíka heimild í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 21. gr.

3. Heimildir, sem aðildarríkin veita framleiðendum á yfirráðasvæði sínu áður en þessi tilskipun er samþykkt í þeim tilgangi sem getið er um í 1. mgr., skulu haldast í gildi þar til ákvæðin, sem um getur í 2. mgr., hafa verið fastsett. Eftir það skulu allar slíkar heimildir vera samkvæmt ákvæðunum sem eru sett í samræmi við 2. mgr.“

12. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 5. gr.:

„5. gr. a

Aðildarríkin geta takmarkað vottun á hafra-, bygg-, ris- og hveitifræi við vottað fræ af fyrsta ættlið.“

13. Í 3. mgr. 9. gr. bætist við orðin „sem er lokað á yfirráðasvæði þeirra. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“ á eftir orðunum „litla pakka“.

14. Í stað 2. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin geta kveðið á um undantekningar frá 1. mgr. þegar um er að ræða litla pakka sem er lokað á yfirráðasvæði þeirra. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

15. Eftirfarandi komi í stað 11. gr.:

„11. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. er hægt að ákveða að í öðrum tilvikum en þeim sem þegar hefur verið kveðið á um í þessari tilskipun, skuli merkimiði birgis vera á pökkum með hvers konar stofnfræi eða vottuðu fræi (sem getur verið annaðhvort merkimiði, aðskilinn frá opinbera merkimiðanum, eða upplýsingar frá birgi sem eru prentaðar á pakkann sjálfan). Einstök atriði, sem eiga að koma fram á slíkum merkimiða, skulu einnig ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

16. Eftirfarandi málsgrein bætist við 11. gr.:

„3. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að krefjast þess að opinbert vottorð fylgi framleiðslueiningum fræs, sem eru í samræmi við sérstök skilyrði vegna *Avena fatua*, sem mælt er fyrir um í samræmi við

málsmeðferðina sem kveðið er á um í 21. gr., sem staðfestir að þær uppfylli þessi skilyrði.“

— mánuður og ár lokunar umbúða, eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku vegna vottunar,

— tegundir, tilgreindar a.m.k. í latneskum bókstöfum með grasheiti sínu sem má vera stytt heiti og án höfundarnafns,

— yrki, tilgreint a.m.k. í latneskum bókstöfum,

— merkingin „af ætlið á undan stofnfræi“,

— fjöldi ætliða á undan fræi sem er í flokknum „vottað fræ“ eða „vottað fræ af fyrsta ætlið“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

17. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 11. gr.:

„11. gr. a

Þegar um er að ræða fræ af erfðabreyttu yrki skal tilgreina á skýran hátt á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða fylgir með framleiðslueiningu fræsins samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að yrkið sé erfðabreytt.“

18. Í 1. mgr. 13. gr. komi orðið „skulu“ í stað orðsins „mega“.

19. Í 2. mgr. 13. gr. komi orðið „skulu“ í stað orðsins „mega“.

20. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 2. mgr. 13. gr.:

„2a. Hin sérstöku skilyrði fyrir því að setja megi slíkar blöndur á markað skulu ákvæðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

21. Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ, sem er sett á markað samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er skyldubundið eða að eigin ákvörðun, sé ekki háð neinum markaðstakmörkunum að því er varðar eiginleika þess, kröfur um athugun, merkingu og lokun umbúða, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða einhverri annari tilskipun.“

22. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. falli úr gildi.

23. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. falli úr gildi.

24. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 14. gr.:

„14. gr. a

Skilyrði fyrir því að setja megi kynbætt fræ af ætliðum á undan stofnfræinu á markað samkvæmt fyrsta undirliði 3. gr. a skulu vera sem hér segir:

a) fræið skal hafa fengið opinbera skoðun hjá þar til bærum vottunaraðila í samræmi við gildandi ákvæði um vottun stofnfræs;

b) fræið skal vera í umbúðum í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar; og

c) á umbúðunum skal vera opinber merkimiði þar sem fram koma a.m.k. eftirtaldir upplýsingar:

— vottunaraðili og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,

— tilvísunarnúmer framleiðslueiningar,

25. Í stað 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„2. Sáðkorn, sem hefur verið uppskorið í bandalaginu og á að setja í vottun í samræmi við 1. mgr., skal:

— vera í umbúðum og merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka í samræmi við 1. mgr. 9. gr., og

— því skal fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðunum í fyrsta undirliði um pökkun og merkingu ef það eru sömu yfirvöld sem annast akurskoðun, útbúa vottunarskjöl vegna fræs sem hefur ekki verið vottað endanlega og annast vottun eða ef þessi yfirvöld eru sammála um að veita undanþágu.“

26. Í stað 17. gr. komi eftirfarandi:

„17. gr.

1. Til að komast hjá tímabundnum vanda sem skapast í bandalaginu m.t.t. almenns framboðs á stofnfræi eða vottuðu fræi, sem ekki er hægt að leysa með öðru móti, er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., að aðildarríkin veiti, í tiltekinn tíma í öllu bandalaginu, leyfi fyrir markaðssetningu á nauðsynlegu magni af fræi, í flokki sem vægari kröfur gilda um eða fræi af yrki sem er ekki í sameiginlegu skránni yfir stofna nýttajurta í landbúnaði eða í innlendum skrár yfir yrki í aðildarríkjunum, til að leysa erfðeika varðandi framboðið.

2. Þegar um er að ræða flokk fræs af tilteknu yrki skal opinberi merkimiðinn vera merkimiðinn sem notaður er fyrir viðkomandi flokk; þegar um er að ræða fræ sem er ekki í framangreindum skrár skal litur opinbera merkimiðans vera brúnn. Á merkimiðanum skal alltaf

koma fram að viðkomandi fræ sé í flokki sem vægari kröfur gilda um.

3. Heimilt er að samþykkja reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

27. Í stað 1. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber skoðun fari fram í tengslum við markaðssetningu sáðkorns, a.m.k. með úrtaksönnunum, til að sannreyna hvort kröfur þessarar tilskipunar séu uppfylltar.“

28. Í stað 2. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um frjálsan flutning á fræi innan bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau fái upplýsingar um eftirfarandi atriði þegar meira en tvö kíló af fræi, sem er flutt inn frá þriðja landi, eru sett á markað:

- a) tegund,
- b) yrki,
- c) flokkur,
- d) framleiðsluland og opinber skoðunaraðili,
- e) sendingarland,
- f) innflytjandi,
- g) magn fræs.

Heimilt er að ákveða á hvern hátt þessar upplýsingar skuli veittar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“

29. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 22. gr.:

„22. gr. a

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. til að taka tillit til þróunarinnar að því er varðar:

- a) skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hefur fengið efnafraeðilega meðhöndlun;
- b) skilyrði fyrir því að setja megi fræ á markað í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra notkun erfðauðlinda plantna, þ.m.t. fræblöndur af tegundum sem innihalda einnig tegundirnar sem eru skráðar í 1. gr. tilskipunar ráðsins 70/457/EBE, og eru bundnar sérstökum ósnortnum og lítt snortnum heimkynnum og eru í hættu vegna erfðatæringar;
- c) skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hentar vel til lifrænnar ræktunar.

2. Sérstök skilyrðin, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:

- i) varðandi b-lið skal fræ þessara tegunda vera af þekktum uppruna sem viðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur samþykkt vegna markaðssetningar fræsins á ákveðnum svæðum;

ii) varðandi b-lið, viðeigandi magntakmarkanir.“

4. gr.

Tilskipun 66/403/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.

Þessi tilskipun gildir um framleiðslu til markaðssetningar og um markaðssetningu á útsæðiskartöflum í bandalaginu.“

2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 1. gr.:

„1. gr. a

Í þessari tilskipun merkir „markaðssetning“ sölu, lagervörslu með sölu í huga, söluframboð og alla ráðstöfun, afhendingu eða tilfærslu á útsæðiskartöflum til þriðju aðila, sem miðar að nýtingu þeirra í ábataskyni, hvort heldur er gegn gjaldi eða ekki.

Viðskipti með útsæðiskartöflur, sem miða ekki að nýtingu yrkisins í ábataskyni, svo sem eftirfarandi aðgerðir, skulu ekki teljast markaðssetning:

— afhending á útsæðiskartöflum til opinberra prófunar- og skoðunaraðila,

— afhending til þjónustuveitenda á útsæðiskartöflum til vinnslu eða þökkunar,

að því tilskildu að þjónustuveitandinn öðlist ekki eignarrétt yfir útsæðiskartöflum sem eru afhentar á þann hátt.

Afhending útsæðiskartaflna með tilteknum skilyrðum til þjónustuveitenda vegna framleiðslu á tilteknu landbúnaðarhræfni, sem er ætlað til iðnaðarmota, eða fjölgun þeirra í sama tilgangi skal ekki teljast markaðssetning að því tilskildu að þjónustuveitandinn fái hvorki eignarrétt yfir útsæðiskartöflunum, sem eru afhentar á þann hátt, né uppskerunni. Sá sem afhendir útsæðiskartöflunum skal láta vottunaraðilanum í té afrit af viðeigandi hlutum samningsins sem var gerður við þjónustuveitandann og þar skulu koma fram þeir staðlar og skilyrði sem útsæðiskartöflunum, sem afhentar eru, uppfylla á þeim tíma.

Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr.“

3. Ákvæði B-hluta 2. mgr. 3. gr. falli úr gildi.

— aðskilja útsæðiskartöflur og aðrar kartöflur við flokkun, geymslu, flutning og meðhöndlun.“

4. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 3. gr.:

„3. gr. a

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að setja megi kynbættar útsæðiskartöflur af ættliðum á undan stofnútsæðinu á markað.“

5. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. gr.:

„4. gr. a

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. geta aðildarríkin heimilað framleiðendum á yfirráðasvæði sínu að markaðssetja:

a) lítið magn af útsæðiskartöflum í visindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar;

b) hæfilegt magn af útsæðiskartöflum til annarra prófana eða tilrauna, að því tilskildu að þær séu af yrkjum sem sótt hefur verið um að verði skráð í tegundaskrána í viðkomandi aðildarríki.

Sé um að ræða erfðabreytt efni má einungis veita slíkt leyfi ef allar viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilsu manna og umhverfið. Þess vegna skulu ákvæði 4. mgr. 7. gr. í tilskipun 70/457/EBE gilda um umhverfisáætunamatíð, sem framkvæmt verður í þessu skyni.

2. Ákvarða skal í hvaða tilgangi veita má heimildina sem um getur í b-lið 1. mgr., ákvæði um merkingu pakka og magnið og skilyrðin fyrir því að aðildarríki geti veitt slíka heimild í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 19. gr.

Heimildir, sem aðildarríkin veita framleiðendum á yfirráðasvæði sínu áður en þessi tilskipun er samþykkt í þeim tilgangi sem getið er um í 1. mgr., skulu haldast í gildi þar til ákvæðin, sem um getur í 2. mgr., hafa verið fastsett. Eftir það skulu allar slíkar heimildir vera samkvæmt ákvæðunum sem eru sett í samræmi við 2. mgr.“

6. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 5. gr.:

„5. gr. a

1. Aðildarríki geta krafist þess að útsæðiskartöflur, sem eru framleiddar á yfirráðasvæði þeirra, séu aðskildar frá öðrum kartöflum af plöntuheilbrigðisástæðum á meðan á framleiðslu stendur.

2. Kröfurnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., geta falið í sér ráðstafanir til að:

— aðskilja framleiðslu útsæðisins frá öðrum kartöflum,

7. Í stað 1. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu kveða á um að ekki megi setja útsæðiskartöflur á markað nema þær séu af lágmarksstærð þannig að þær komist ekki gegnum ferhyrnda möskva af stærðinni 25 × 25 mm. Fyrir hnýði, sem eru of stór til að komast í gegnum ferhyrnda möskva af stærðinni 35 × 35 mm, skal tákna efri og neðri stærðarmörkin með margfeldi af 5.

Hámarksfrávik í stærð hnýða í framleiðslueiningu skulu miðast við að stærðarmunur milli tveggja ferhyrndra möskva, sem eru notaðir, sé ekki meiri en 25 mm. Heimilt er að breyta þessum stærðarviðmiðunum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr.“

8. Ákvæði 4. mgr. 7. gr. falli úr gildi.

9. Í 3. mgr. 9. gr. bætist við orðin „sem er lokað á yfirráðasvæði þeirra. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr.“ á eftir orðunum „litla pakka“.

10. Í stað 2. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin geta kveðið á um undantekningar frá 1. mgr. þegar um er að ræða litla pakka sem er lokað á yfirráðasvæði þeirra. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr.“

11. Eftirfarandi komi í stað 11. gr.:

„11. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr. er hægt að ákveða að í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið hefur verið á um í þessari tilskipun skuli merkimiði birgis vera á pökkum eða gámum með stofnútsæði (sem getur verið annaðhvort merkimiði, aðskilinn frá opinbera merkimiðanum, eða upplýsingar frá birgi sem eru prentaðar á pakkann sjálfan). Einstök atriði, sem eiga að koma fram á slíkum merkimiða, skulu einnig ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr.“

12. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 11. gr.:

„11. gr. a

Þegar um er að ræða útsæðiskartöflur af erfðabreyttu yrki skal tilgreina á skýran hátt á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða

fylgir með framleiðslueiningu útsæðisins samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að yrkið sé erfðabreytt.“

13. Í stað 1. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að útsæðiskartöflur, sem eru settar á markað samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er skyldubundið eða að eigin ákvörðun, séu ekki háðar neinum markaðstakmörkunum að því er varðar eiginleika þeirra, kröfur um athugun, merkingu og lokun umbúða, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða einhverri annarri tilskipun.“

14. Ákvæði 4. mgr. 13. gr. falli úr gildi.

15. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 13. gr.:

„13. gr. a

Skilyrði fyrir því að setja megi kynbættar útsæðiskartöflur af ættliðum á undan stofnútsæðinu á markað skv. 3. gr. a skulu vera sem hér segir:

- útsæðiskartöflurnar skulu vera framleiddar í samræmi við viðurkenndar venjur með tilliti til viðhalds yrkisins og heilbrigðis;
- útsæðiskartöflurnar skulu fyrst og fremst ætlaðar til framleiðslu á stofnútsæði;
- útsæðiskartöflurnar skulu uppfylla lágmarksskilyrðin sem sett verða með málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 19. gr. fyrir ættliði á undan stofnútsæði;
- við opinbera athugun skal hafa komið í ljós að útsæðiskartöflurnar uppfylli lágmarksskilyrðin sem um getur í c-lið;
- útsæðiskartöflurnar skulu vera í þökkum eða gámum í samræmi við þessa tilskipun; og
- á þökkunum eða gámunum skal vera opinber merkimiði þar sem fram koma a.m.k. eftirtaldir upplýsingar:
  - vottunaraðili og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
  - kenninúmer framleiðanda eða tilvísunarnúmer framleiðslueiningar,
  - mánuður og ár lokunar umbúða,
  - tegundir, tilgreindar a.m.k. í latneskum bókstöfum með grasaheiti sínu, sem má vera stytt heiti og án höfundarnafns, eða með almennu heiti eða hvort tveggja,

— yrki, tilgreint a.m.k. í latneskum bókstöfum,

— merkingin „af ættliði á undan stofnútsæði“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

16. Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„1. Samkvæmt málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í 19. gr., getur framkvæmdastjórnin bannað, að öllu leyti eða að hluta, markaðssetningu útsæðiskartaflna sem hafa verið ræktaðar á tilteknu svæði í bandalaginu ef afkvæmi kartöflusýna, sem eru tekin opinberlega af stofnútsæði eða vottuðum útsæðiskartöflum sem hafa verið ræktaðar á því svæði í fleiri en einum tilraunareit í bandalaginu, hafa í þrjú ár samfellt verið alllangt frá því að uppfylla lágmarksskilyrðin sem mælt er fyrir um í c-lið 1. liðar., c-lið 2. liðar. og 3. og 4. lið. I. viðauka. Við samanburðarprófanir má einnig athuga hvort önnur lágmarksskilyrði, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, séu uppfyllt.“

17. Í stað 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal draga til baka allar ráðstafanir sem eru gerðar skv. 1. mgr. jafnskjótt og næg vissa hefur fengist fyrir því að stofnútsæðið og vottuðu útsæðiskartöflurnar, sem eru ræktaðar á viðkomandi svæði í bandalaginu, muni framvegis uppfylla lágmarksskilyrðin sem um getur í 1. mgr.“

18. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. falli úr gildi.

19. Eftirfarandi komi í stað 16. gr.:

„16. gr.

1. Til að komast hjá tímabundnum vanda sem skapast í bandalaginu m.t.t. almenns framboðs á stofnútsæði eða vottuðum útsæðiskartöflum, sem ekki er hægt að leysa með öðru móti, er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr., að aðildarríkin veiti, í tiltekinn tíma í öllu bandalaginu, leyfi fyrir markaðssetningu á nauðsynlegu magni af útsæðiskartöflum, í flokki sem vægari kröfur gilda um eða útsæðiskartöflum af yrki sem er ekki í sameiginlegu skránni yfir stofna nýttajurta í landbúnaði eða í innlendum skrárn yfir yrki í aðildarríkjunum, til að leysa erfðeika varðandi framboðið.

2. Þegar um er að ræða flokk útsæðiskartaflna af tilteknu yrki skal opinberi merkimiðinn vera merkimiðinn sem notaður er fyrir viðkomandi flokk; þegar um er að ræða útsæðiskartöflur sem eru ekki í framangreindum skrárn, skal litur opinbera merkimiðans vera brúnn. Á merkimiðanum skal alltaf koma fram að viðkomandi útsæðiskartöflur séu í flokki sem vægari kröfur gilda um.

3. Heimilt er að samþykka reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr.“

20. Í stað 1. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber skoðun fari fram í tengslum við markaðssetningu útsæðiskartaflna, a.m.k. með úrtakskönnunum, til að sannreyna hvort kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar séu uppfyllt.“

21. Í stað 2. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um fjálsan flutning á útsæðiskartöflum innan bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau fái upplýsingar um eftirfarandi atriði þegar meira en tvö kíló af útsæðiskartöflum, sem eru fluttar inn frá þriðja landi, eru sett á markað:

- a) tegund,
- b) yrki,
- c) flokkur,
- d) framleiðsluland og skoðunaraðili,
- e) sendingarland,
- f) innflytjandi,
- g) magn útsæðiskartaflna.

Heimilt er að ákveða á hvern hátt þessar upplýsingar skuli veittar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr.“

22. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 20. gr.:

„20. gr. a

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr. til að taka tillit til þróunarinnar að því er varðar:

- a) skilyrði fyrir markaðssetningu útsæðiskartaflna sem hafa fengið efnafraðilega meðhöndlun;
- b) skilyrði fyrir því að setja megi útsæðiskartöflur á markað í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra notkun erfðauðlinda plantna sem eru bundnar sérstökum ósnortnum og lítt snortnum heimkynnum og eru í hættu vegna erfðatæringar;
- c) skilyrði fyrir markaðssetningu útsæðiskartaflna sem henta vel til lífrænnar ræktunar.

2. Sérstöku skilyrðin, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:

i) varðandi b-lið skulu útsæðiskartöflur þessara tegunda vera af þekktum uppruna sem víðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur samþykkt vegna markaðssetningar þeirra á ákveðnum svæðum;

ii) varðandi b-lið, víðeigandi magntakmarkanir.“

5. gr.

Tilskipun 69/208/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.

Þessi tilskipun gildir um framleiðslu til markaðssetningar og um markaðssetningu í bandalaginu á olíu- og trefjajurtafræi sem er ætlað til framleiðslu í landbúnaði en ekki til framleiðslu á skrautjurtum.“

2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 1. gr.:

„1. gr. a

Í þessari tilskipun merkir „markaðssetning“ sölu, lagervörslu með sölu í huga, söluframboð og alla ráðstöfun, afhendingu eða tilfærslu á fræi til þriðju aðila, sem miðar að nýtingu þess í ábataskyni, hvort heldur er gegn gjaldi eða ekki.

Viðskipti með fræ, sem miða ekki að nýtingu yrkisins í ábataskyni, svo sem eftirfarandi aðgerðir, skulu ekki teljast markaðssetning:

— afhending á fræi til opinberra prófunar- og skoðunaraðila,

— afhending til þjónustuveitenda á fræi til vinnslu eða pökkunar, að því tilskildu að þjónustuveitandinn öðlist ekki eignarrétt yfir fræi sem er afhent á þann hátt.

Afhending á fræi með tilteknum skilyrðum til þjónustuveitenda vegna framleiðslu á tilteknu landbúnaðarhræfni, sem er ætlað til iðnaðarnota, eða fræframleiðsla í sama tilgangi skal ekki teljast markaðssetning að því tilskildu að þjónustuveitandinn fái hvorki eignarrétt yfir fræinu, sem er afhent á þann hátt, né uppskerunni. Sá sem afhendir fræið skal láta vottunaraðilanum í té afrit af víðeigandi hlutum samningsins sem var gerður við þjónustuveitandann og þar skulu koma fram þeir staðlar og skilyrði sem fræið, sem afhent er, uppfyllir á þeim tíma.

Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.“

3. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. falli úr gildi.
4. Í 1. mgr. 3. gr. falli brott orðin „og uppfyllir skilyrði II. viðauka“.
5. Í 2. mgr. 3. gr. falli brott orðin „og uppfylla enn fremur skilyrði II. viðauka“.
6. Ákvæði 5. mgr. 3. gr. falli úr gildi.

7. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 3. gr.:

„3. gr. a

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að setja megi:

— kynbætt fræ ættliðanna á undan stofnfræi, og

— ómeðhöndlað fræ, markaðssett til vinnslu, að því tilskildu að tryggt sé að fræið sé ósvikið,

á markaðinn.“

8. Eftirfarandi undirgrein bætist við í lok 4. gr.:

„Aðildarríkin, sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um annaðhvort í a- eða b-lið, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun.“

9. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. gr.:

„4. gr. a

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 3. gr. geta aðildarríkin heimilað framleiðendum á yfirráðasvæði sínu að markaðssetja:

a) lítið magn af fræi í vísindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar;

b) hæfilegt magn af fræi til annarra prófana eða tilrauna, að því tilskildu að það sé af yrkjum sem sótt hefur verið um að verði skráð í tegundaskrána í viðkomandi aðildarríki.

Sé um að ræða erfðabreytt efni má einungis veita slíkt leyfi ef allar viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilsu manna og umhverfið. Þess vegna skulu ákvæði 4. mgr. 7. gr. í tilskipun 70/457/EBE gilda um umhverfisáætunamatíð, sem framkvæmt verður í þessu skyni.

2. Ákvarða skal í hvaða tilgangi veita má heimildina sem um getur í b-lið 1. mgr., ákvæði um merkingu pakka og magnið og skilyrðin fyrir því að aðildarríki

geti veitt slíka heimild í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 20. gr.

3. Heimildir, sem aðildarríkin veita framleiðendum á yfirráðasvæði sínu áður en þessi tilskipun er samþykkt í þeim tilgangi sem getið er um í 1. mgr., skulu haldast í gildi þar til ákvæðin, sem um getur í 2. mgr., hafa verið fastsett. Eftir það skulu allar slíkar heimildir vera samkvæmt ákvæðunum sem eru sett í samræmi við 2. mgr.“

10. Eftirfarandi bætist við í lok 3. mgr. 9. gr.: „sem er lokað á yfirráðasvæði þeirra. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.“

11. Í stað 2. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin geta kveðið á um undantekningar frá 1. mgr. þegar um er að ræða litla pakka sem er lokað á þeirra eigin yfirráðasvæði. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.“

12. Eftirfarandi komi í stað 11. gr.:

„11. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. er hægt að ákveða að aðildarríkin geti krafist þess að í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun sé merkimiði birgis á pökkum með stofnfræi, hvers konar vottuðu fræi eða sölufræi (sem getur verið annaðhvort merkimiði, aðskilinn frá opinbera merkimiðanum, eða upplýsingar frá birgi sem eru prentaðar á pakkann sjálfan). Einstök atriði, sem eiga að koma fram á slíkum merkimiða, skulu einnig ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.“

13. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 11. gr.:

„11. gr. a

Þegar um er að ræða fræ af erfðabreyttu yrki skal tilgreina á skýran hátt á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða fylgir með framleiðslueiningu fræsins samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að yrkið sé erfðabreytt.“

14. Í stað 1. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ, sem er sett á markað samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er skyldubundið eða að eigin ákvörðun, sé ekki háð neinum markaðstakmörkunum að því er varðar eiginleika þess, kröfur um athugun, merkingu og lokun umbúða, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða einhverri annarri tilskipun.“

15. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. falli úr gildi.

16. Ákvæði 3. mgr. 13. gr. falli úr gildi.

17. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 14. gr.:

„14. gr. a

Skilyrði fyrir því að setja megi kynbætt fræ af ætliðum á undan stofnfræinu á markað samkvæmt fyrsta undirlíð 3. gr. a skulu vera sem hér segir:

- fræið skal hafa fengið opinbera skoðun hjá þar til bærum vottunaraðila í samræmi við gildandi ákvæði um vottun stofnfræs;
- fræið skal vera í umbúðum í samræmi við þessa tilskipun; og
- á umbúðunum skal vera opinber merkimiði þar sem fram koma a.m.k. eftirtaldir upplýsingar:
  - vottunaraðili og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
  - tilvísunarnúmer framleiðslueningar,
  - mánuður og ár lokunar umbúða, eða
  - mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku vegna vottunar,
  - tegundir, tilgreindar a.m.k. í latneskum bókstöfum með grasaheiti sínu sem má vera stytt heiti og án höfundarnafns,
  - yrki, tilgreint a.m.k. í latneskum bókstöfum,
  - merkingin „af ætlið á undan stofnfræi“,
  - fjöldi ætliða á undan fræi sem er í flokknum „vottað fræ“ eða „vottað fræ af fyrsta ætlið“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

18. Í stað 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„2. Olíu- og trefjaturtafræ, sem hefur verið uppskorið í bandalaginu og á að setja í vottun í samræmi við 1. mgr., skal:

- vera í umbúðum og merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka í samræmi við 1. mgr. 9. gr., og
- því skal fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðunum í fyrsta undirlíð um pökkun og merkingu ef það eru sömu yfirvöld sem annast akurskoðun, útbúa vottunarskjöl vegna fræs sem hefur ekki verið vottað endanlega og

annast vottun eða ef þessi yfirvöld eru sammála um að veita undanþágu.“

19. Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

1. Til að komast hjá tímabundnum vanda sem skapast í bandalaginu m.t.t. almenns framboðs á stofnfræ eða vottuðu fræi, sem ekki er hægt að leysa með öðru móti, er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr., að aðildarríkin veiti, í tiltekinn tíma í öllu bandalaginu, leyfi fyrir markaðssetningu á nauðsynlegu magni af fræi, í flokki sem vægari kröfur gilda um eða fræi af yrki sem er ekki í sameiginlegu skránni yfir stofna nytjajurta í landbúnaði eða í innlendum skrám yfir yrki í aðildarríkjum, til að leysa erfiðleika varðandi framboðið.

2. Þegar um er að ræða flokk fræs af tilteknu yrki skal opinberi merkimiðinn vera merkimiðinn sem notaður er fyrir viðkomandi flokk; þegar um er að ræða fræ sem er ekki í framangreindum skrám skal opinberi merkimiðinn vera merkimiðinn sem kveðið er á um fyrir sölufræ. Á merkimiðanum skal alltaf koma fram að viðkomandi fræ sé í flokki sem vægari kröfur gilda um.

3. Heimilt er að samþykkja reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.“

20. Í stað 1. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber skoðun fari fram í tengslum við markaðssetningu fóðurjurtfræs, a.m.k. með úrtakskönnunum, til að sannreyna hvort kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar séu uppfyllt.“

21. Í stað 2. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um frjálsan flutning á fræi innan bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau fái upplýsingar um eftirfarandi atriði þegar meira en tvö kíló af fræi, sem er flutt inn frá þriðja landi, eru sett á markað:

- tegund,
- yrki,
- flokkur,
- framleiðsluland og opinbera skoðunaraðili,
- sendingarland,
- innflytjandi,
- magn fræs.

Heimilt er að ákveða á hvern hátt þessar upplýsingar skuli veittar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.“

22. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 21. gr.:

„21. gr. a

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. til að taka tillit til þróunarinnar að því er varðar:

- a) skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hefur fengið efnafæðilega meðhöndlun;
- b) skilyrði fyrir því að setja megi fræ á markað í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra notkun erfðaauðlinda plantna, þ.m.t. fræblöndur af tegundum sem innihalda einnig tegundirnar sem eru skráðar í 1. gr. tilskipunar ráðsins 70/457/EBE, og eru bundnar sérstökum ósnortnum og lítt snortnum heimkynnum og eru í hættu vegna erfðatæringar;
- c) skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hentar vel til lífrænnar ræktunar.

2. Sérstöku skilyrðin, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:

- i) varðandi b-lið skal fræ þessara tegunda vera af þekktum uppruna sem viðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur samþykkt vegna markaðssetningar fræsins á ákveðnum svæðum;
- ii) varðandi b-lið, viðeigandi magntakmarkanir.“

6. gr.

Tilskipun 70/457/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgreinar bætist við á eftir 3. mgr. 4. gr.:

„4. Sé um að ræða erfðabreytt yrki í skilningi 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið (\*) skal því aðeins samþykkja yrkið að allar viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilsu manna og umhverfið.

5. Ef nota á efni, sem er unnið úr plöntuyrki, sem matvæli eða sem innihaldsefni í matvæli sem fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins

(EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (\*\*), mega þessi matvæli eða innihaldsefni ekki:

— vera hættuleg fyrir neytandann,

— villa um fyrir neytandanum,

— vera svo frábrugðin matvælum eða innihaldsefnum matvæla sem þau eiga að koma í staðinn fyrir að venjuleg neysla þeirra sé síðri kostur í næringarlegu tilliti fyrir neytandann.

6. Til að varðveita erfðaauðlindir plantna eins og tilgreint er í 2. mgr. 20. gr. a geta aðildarríkin vikið frá viðmiðunum um samþykki sem eru settar fram í fyrsta málslíð 1. mgr. að svo miklu leyti sem sérstök skilyrði eru sett í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. varðandi kröfurnar í i- og ii-lið 3. mgr. 20. gr. a.

(\*) Stjtið. EB L 117, 8.5.1990, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/35/EB (Stjtið. EB L 169, 27.6.1997, bls. 72).

(\*\*) Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við 2. mgr. 7. gr.:

„c) nauðsynlegar reglur fyrir ræktunartilraunir sem á að gera í því skyni að meta ræktunar- eða notkunargildið; í þessum reglum er hægt að ákvarða:

— málsmeðferð og skilyrði fyrir því að öll aðildarríkin eða nokkur þeirra geti sameinast um að taka inn í ræktunartilraunir, sem lið í aðstoð stjórnvalda, yrki sem óskað hefur verið eftir samþykki fyrir í öðru aðildarríki;

— samstarfsskilmála milli yfirvalda þeirra aðildarríkja sem eru þátttakendur;

— áhrif niðurstaðna þessara ræktunartilrauna;

— staðla varðandi upplýsingar um ræktunartilraunir í tengslum við mat á ræktunar- eða notkunargildi.“

3. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 3. mgr. 7. gr.:

„4. a) Ef um er að ræða erfðabreytt yrki, sem um getur í 4. mgr. 4. gr., skal framkvæma mat á umhverfishættu sem jafngildir matinu sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/220/EBE.

b) málsmeðferð til að tryggja að matið á umhverfshættu og aðrir viðeigandi umhverfisþættir jafngildi því sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/220/EBE skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, tekin upp í reglugerð ráðsins og byggjast á viðeigandi lagagrundvelli í sáttmálanum. Þar til þessi reglugerð öðlast gildi skal því aðeins samþykka að erfðabreytt yrki séu tekin inn í innlenda tegundaskrá að markaðssetning þeirra hafi verið samþykkt í samræmi við tilskipun 90/220/EBE;

c) ákvæði 11. til 18. gr. tilskipunar 90/220/EBE gilda ekki lengur um erfðabreytt yrki eftir gildistöku reglugerðarinnar sem um getur í b-lið hér að framan;

d) einstök tæknileg og vísindaleg atriði varðandi framkvæmd mats á umhverfshættu skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr.“

4. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. mgr. 7. gr.:

„5. a) Aðildarríkin skulu sjá til þess að yrki, sem nota á í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í þessari grein, sé ekki samþykkt nema:

— matvælin eða innihaldsefni þeirra hafi þegar verið leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97, eða

— ákvarðanirnar um heimildir, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 258/97, séu teknar í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 23. gr. þessarar tilskipunar,

b) í því tilviki sem mælt er fyrir um í öðrum undirlíð a-liðar skal taka tillit til viðmiðananna sem settar eru fram í 5. mgr. 4. gr. og meginreglnanna um mat sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 258/97;

c) einstök tæknileg og vísindaleg atriði varðandi framkvæmd ráðstafananna, sem mælt er fyrir um í b-lið, skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. þessarar tilskipunar.“

5. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. mgr. 9. gr.:

„5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að erfðabreytt yrki, sem hafa verið samþykkt, séu greinilega merkt sem slík í tegundaskránni. Þau skulu enn fremur sjá til þess að hver sá sem markaðssetur slíkt yrki tiltaki greinilega í söluskrá sinni að það sé erfðabreytt.“

6. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 3. mgr. 12. gr. a:

„4. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 23. gr., má setja reglur um beitingu 1. og 2. mgr.“

7. Í stað 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„2. Endurnýja má samþykki fyrir yrki með vissu millibili ef það er enn ræktað í þeim mæli að það sé réttlætjanlegt eða ef viðhalda þarf því til að varðveita erfðaaúðlindir plantna og að því tilskildi að kröfur um sérstöðu, einsleitni og stöðugleika eða viðmiðanir, sem eru ákveðnar samkvæmt 2. og 3. mgr. 20. gr. a, séu enn uppfylltar. Sé ekki um að ræða erfðaaúðlindir plantna í skilningi 20. gr. a skulu umsóknir um endurnýjun lagðar fram eigi síðar en tveimur árum áður en samþykkið fellur úr gildi.“

8. Í stað 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að frá og með birtingunni, sem um getur í 18. gr., skuli frá yrkja, sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun eða meginreglur sem samsvara meginreglum hennar, ekki vera háð neinum markaðshindrunum sem snerta yrki.“

9. Í stað 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„2. Að undangenginni umsókn, sem farið skal með eins og mælt er fyrir um í 23. gr., eða 23. gr. a ef um er að ræða erfðabreytt yrki, getur aðildarríki fengið heimild til að banna notkun yrkisins á öllu yfirráðasvæði sínu eða hluta þess eða mæla fyrir um viðeigandi skilyrði fyrir ræktun yrkisins og, í tilvikum sem kveðið er á um í c-lið, um skilyrði fyrir notkun vörunnar sem verður til við slíka ræktun:

a) ef í ljós kemur að ræktun yrkisins getur verið hættuleg plöntuheilbrigði við ræktun annarra yrkja eða tegunda; eða

b) ef opinberar ræktunartilraunir, sem fara fram í aðildarríkinu sem sækir um, þar sem 4. mgr. 5. gr. er beitt á hliðstæðan hátt, sýna að yrkið gefur ekki á neinum hluta yfirráðasvæðisins af sér samsvarandi niðurstöður og þær sem fást með sambærilegu yrki sem hefur verið samþykkt á yfirráðasvæði þess aðildarríkis eða, ef það er almenn vitneskja að yrki af viðkomandi tegund eða þroskaflokki hentar ekki vel til ræktunar á neinum hluta yfirráðasvæðis þess. Leggja skal fram umsókn fyrir lok þriðja almanaksárs eftir að samþykki er veitt;

- c) ef það hefur gildar ástæður, aðrar en þær sem þegar eru nefndar eða kunna að hafa verið nefndar á meðan málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., stóð yfir til að ætla að heilsu manna eða umhverfinu geti stafað hætta af yrkinu.“

10. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. falli úr gildi.

11. Ákvæði 4. mgr. 15. gr. falli úr gildi.

12. Ákvæði 5. mgr. 15. gr. falli úr gildi.

13. Ákvæði 6. mgr. 15. gr. falli úr gildi.

14. Ákvæði 7. mgr. 15. gr. falli úr gildi.

15. Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir annarri undirgrein 18. gr.:

„Í tilkynningunni sem er birt skal tilgreina á skýran hátt þau yrki sem eru erfðabreytt.“

16. Eftirfarandi komi í stað 19. gr.:

„19. gr.

Ef í ljós kemur að ræktun yrkis, sem er skráð í sameiginlegu tegundaskrána geti verið hættuleg plöntuheilbrigði við ræktun annarra yrkja eða tegunda í einhverju aðildarríki eða að umhverfi eða heilsu manna geti stafað hætta af henni getur það aðildarríki, eftir að hafa sótt um, fengið heimild, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr., eða 23. gr. a ef um er að ræða erfðabreytt yrki, til að banna markaðssetningu fræs eða fjölgunarefnis þess yrkis á öllu yfirráðsvæði sínu eða hluta þess. Ef yfirvofandi hætta er á útbreiðslu skaðlegra lífvera eða yfirvofandi hætta fyrir heilsu manna eða umhverfið getur viðkomandi aðildarríki lagt þetta bann á um leið og umsókn þess hefur verið lögð fram og gildir það þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin. Sú ákvörðun skal tekin innan þriggja mánaða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. eða 23. gr. a ef um er að ræða erfðabreytt yrki.“

17. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 20. gr.:

„20. gr. a

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. til að taka tillit til þróunarinnar varðandi skilyrðin fyrir því að setja megi efnafræðilega meðhöndlað fræ á markað:

2. Með fyrirvara um reglugerð ráðsins (EB) nr. 1467/94 frá 20. júní 1994 um verndun, lýsingu á eiginleikum, söfnun og nýtingu erfðafræðilegra auðlinda í landbúnaði (\*) skal setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. svo að tekið sé tillit til þróunar í tengslum við varðveislu á

staðnum og sjálfbæra nýtingu erfðafræðilegra auðlinda jurta með ræktun og markaðssetningu fræs af upprunalegum tegundum og afbrigðum sem eru náttúrulega aðlöguð að stað- og svæðisbundnum aðstæðum og eru í hættu vegna erfðatæringar.

3. Sérstök skilyrðin, sem um getur í 2. mgr. hér að framan, skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:

i) upprunalegar tegundir og afbrigði skulu samþykkt í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Við opinbert samþykki skal taka tillit til sérstakra gæðaeiginleika og gæðakrafna. Einkum skal taka tillit til niðurstaðna úr óopinberum prófunum og þekkingar sem hefur fengist með reynslu af ræktun, æxlun og notkun og nákvæmra lýsinga á afbrigðum og viðkomandi nöfnum þeirra sem hafa verið tilkynnt til viðkomandi aðildarríkis og ef þetta er fullnægjandi felur það í sér undanþágu frá kröfunni um opinbera athugun. Þegar slík upprunaleg tegund er samþykkt skal hún tilgreind sem „varðveisluafbrigði“ í sameiginlegu skránni;

ii) viðeigandi magntakmarkanir.

(\*) Stjtið. EB L 159, 28.6.1994, bls. 1.“

18. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 23. gr.:

„23. gr. a

1. Þegar fylgja ber málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í þessari grein, skal formaður fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt (hér á eftir kölluð „nefndin“) vísa málum til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem ber að samþykkja. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. Sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.“

19. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 24. gr.:

„24. gr. a

Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. til að taka tillit til þróunarinnar á sviði varðveislu erfðaaúðlinda.“

7. gr.

Tilskipun 70/458/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.

Þessi tilskipun gildir um framleiðslu til markaðssetningar og um markaðssetningu á matjurtafræi í bandalaginu.“

2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 1. gr.:

„1. gr. a

Í þessari tilskipun merkir „markaðssetning“ sölu, lagervörslu með sölu í huga, söluframboð og alla ráðstöfun, afhendingu eða tilfærslu á fræi til þriðju aðila, sem miðar að nýtingu þess í ábataskyni, hvort heldur er gegn gjaldi eða ekki.

Viðskipti með fræ, sem miða ekki að nýtingu yrkisins í ábataskyni, svo sem eftirfarandi aðgerðir, skulu ekki teljast markaðssetning:

— afhending á fræi til opinberra prófunar- og skoðunaraðila,

— afhending til þjónustuveitenda á fræi til vinnslu eða þökkunar, að því tilskildu að þjónustuveitandinn öðlist ekki eignarrétt yfir fræi sem er afhent á þann hátt.

Afhending á fræi með tilteknum skilyrðum til þjónustuveitenda vegna framleiðslu á tilteknu landbúnaðarhráefni, sem er ætlað til iðnaðarmota, eða fræframleiðsla í sama tilgangi skal ekki teljast markaðssetning að því tilskildu að þjónustuveitandinn fái hvorki eignarrétt yfir fræinu, sem er afhent á þann hátt, né uppskerunni. Sá

sem afhendir fræið skal láta vottunaraðilanum í té afrit af viðeigandi hlutum samningsins sem var gerður við þjónustuveitandann og þar skulu koma fram þeir staðlar og skilyrði sem fræið, sem afhent er, uppfyllir á þeim tíma.

Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr.“

3. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. falli úr gildi.

4. Eftirfarandi komi í stað 4. gr.:

„4. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að yrki sé því aðeins samþykkt að það sé sérstakt, stöðugt og nægilega einsleitt.

Þegar um er að ræða iðnaðarsíkoru verður yrkið að hafa nægilegt ræktunar- og notkunargildi.

2. Sé um að ræða erfðabreytt yrki í skilningi 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið (\*) skal því aðeins samþykkja yrkið að allar viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilsu manna og umhverfið.

3. Ef nota á efni, sem er unnið úr plöntuyrki, sem matvæli eða sem innihaldsefni í matvæli sem fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (\*\*), mega þessi matvæli eða innihaldsefni ekki:

— vera hættuleg fyrir neytandann,

— villa um fyrir neytandanum,

— vera svo frábrugðin matvælum eða innihaldsefnum matvæla sem þau eiga að koma í staðinn fyrir að venjuleg neysla þeirra sé síðri kostur í næringarlegu tilliti fyrir neytandann.

4. Til að varðveita erfðaaúðlindir plantna eins og tilgreint er í a- og b-lið 2. mgr. 39. gr. a geta aðildarríkin vikið frá viðmiðunum um samþykki sem eru settar fram í 1. mgr. að svo miklu leyti sem sérstök skilyrði eru sett í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr. varðandi kröfurnar í i-lið, og ii-lið 3. mgr. 39. gr. a.

(\*) Stjtið. EB L 117, 8.5.1990, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/35/EB (Stjtið. EB L 169, 27.6.1997, bls. 72).

(\*\*) Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1.“

5. Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 7. gr. skal bæta eftirfarandi við síðasta málslið: „með tilliti til niðurstaðna opinberrar athugunar.“
6. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 3. mgr. 7. gr.:
- „4. a) Ef um er að ræða erfðabreytt yrki, sem um getur í 4. mgr. 4. gr., skal framkvæma mat á umhverfshættu sem jafngildir matinu sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/220/EBE;
- b) málsmeðferð til að tryggja að matið á umhverfshættu og aðrir viðeigandi umhverfshættir jafngildi því sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/220/EBE skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, tekin upp í reglugerð ráðsins og byggjast á viðeigandi lagagrundvelli í sáttmálanum. Þar til þessi reglugerð öðlast gildi skal því aðeins samþykkja að erfðabreytt yrki séu tekin inn í innlenda tegundaskrá að markaðssetning þeirra hafi verið samþykkt í samræmi við tilskipun 90/220/EBE;
- c) ákvæði 11. til 18. gr. tilskipunar 90/220/EBE gilda ekki lengur um erfðabreytt yrki eftir gildistöku reglugerðarinnar sem um getur í b-lið hér að framan;
- d) einstök tæknileg og vísindaleg atriði varðandi framkvæmd mats á umhverfshættu skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr.“
7. Eftirfarandi málsgreinar bætist við á eftir 4. mgr. 7. gr.:
- „5. a) Aðildarríkin skulu sjá til þess að yrki, sem nota á í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í þessari grein, sé ekki samþykkt nema:
- matvælin eða innihaldsefni þeirra hafi þegar verið leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97, eða
- ákvarðanirnar um heimildir, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 258/97, séu teknar í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 40. gr. þessarar tilskipunar,
- b) í því tilvikum sem mælt er fyrir um í öðrum undirlíð a-liðar skal taka tillit til viðmiðananna sem settar eru fram í 5. mgr. 4. gr. og meginreglnanna um mat sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 258/97,;
- c) einstök tæknileg og vísindaleg atriði varðandi framkvæmd ráðstafananna, sem mælt er fyrir um í b-lið, skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr. þessarar tilskipunar.“
8. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 4. mgr. 10. gr.:
- „5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að erfðabreytt yrki, sem hafa verið samþykkt, séu greinilega merkt sem slík í tegundaskránni. Þau skulu enn fremur sjá til þess að hver sá sem markaðssetur slíkt yrki tiltaki greinilega í söluskrá sinni að það sé erfðabreytt.“
9. Í stað 2. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Endurnýja má samþykki fyrir yrki með vissu millibili ef það er enn ræktað í þeim mæli að það sé réttlætjanlegt eða ef viðhalda þarf því til að varðveita erfðauðlindir plantna og að því tilskildu að kröfur um sérstöðu, einsleitni og stöðugleika eða viðmiðanir, sem eru ákveðnar samkvæmt 3. og 4. mgr. 39. gr. a, séu enn uppfylltar. Sé ekki um að ræða erfðauðlindir plantna í skilningi 39. gr. a skulu umsóknir um endurnýjun lagðar fram eigi síðar en tveimur árum áður en samþykkið fellur úr gildi.“
10. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 2. mgr. 15. gr.:
- „3. Sé um að ræða yrki sem samþykki hefur verið endurnýjað fyrir skv. 3. mgr. 13. gr. geta aðildarríkin leyft að nöfnin, sem voru notuð fyrir endurnýjunina, verði notuð til 30. júní 1994.“
11. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 3. mgr. 13. gr. a:
- „4. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 40. gr., má setja reglur um beitingu 1., 2. og 3. mgr.“
12. Í annarri og þriðju undirgrein 1. mgr. 16. gr. skulu orðin „Tveimur mánuðum frá“ koma í stað orðanna „þegar liðnir eru tveir mánuðir“.
13. Í 17. gr. falli orðin „þegar liðnir eru tveir mánuðir“ brott.
14. Í stað 2. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Að undangenginni umsókn, sem farið skal með eins og mælt er fyrir um í 40. gr., eða 40. gr. a ef um er að ræða erfðabreytt yrki, getur aðildarríki fengið heimild til að banna notkun yrkisins á öllu yfirráðasvæði sínu eða hluta þess eða mæla fyrir um viðeigandi skilyrði fyrir ræktun yrkisins og, í tilvikum sem kveðið er á um í b-lið, um skilyrði fyrir notkun vörunnar sem verður til við slíka ræktun:
- a) ef í ljós kemur að ræktun yrkisins getur verið hættuleg plöntuheilbrigði við ræktun annarra yrkja eða tegunda; eða

- b) ef það hefur gildar ástæður, aðrar en þær sem þegar eru nefndar eða kunna að hafa verið nefndar á meðan málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., stóð yfir til að ætla að heilsu manna eða umhverfinu geti stafað hættu af yrkinu.“
15. Ákvæði 3. mgr. 16. gr. falli úr gildi.
16. Ákvæði 4. mgr. 16. gr. falli úr gildi.
17. Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir annarri undirgrein 17. gr.:
- „Í tilkynningunni, sem er birt, skal tilgreina á skýran hátt þau yrki sem eru erfðabreytt.“
18. Eftirfarandi komi í stað 18. gr.:
- „18. gr.
- Ef í ljós kemur að ræktun yrkis, sem er skráð í sameiginlegu tegundaskrána geti verið hættuleg plöntuheilbrigði við ræktun annarra yrkja eða tegunda í einhverju aðildarríki eða að umhverfi eða heilsu manna geti stafað hættu af henni getur það aðildarríki, eftir að hafa sótt um, fengið heimild, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr., eða 40. gr. a ef um er að ræða erfðabreytt yrki, til að banna markaðssetningu fræs eða fjölgunarefnis þess yrkis á öllu yfirráðsvæði sínu eða hluta þess. Ef yfirvofandi hættu er á útbreiðslu skaðlegra lífvera eða yfirvofandi hættu fyrir heilsu manna eða umhverfið getur viðkomandi aðildarríki lagt þetta bann á um leið og umsókn þess hefur verið lögð fram og gildir það þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin. Sú ákvörðun skal tekin innan þriggja mánaða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr. eða 40. gr. a ef um er að ræða erfðabreytt yrki.“
19. Í 1. mgr. 20. gr. falli brott orðin „og uppfyllir skilyrði II. viðauka“.
20. Í a-lið 1. mgr. 20. gr. falli brott orðin „og uppfyllir skilyrði II. viðauka“.
21. Ákvæði 4. mgr. 20. gr. falli úr gildi.
22. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 20. gr.:
- „20. gr. a
- Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a í 20. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að setja meg:
- kynbætt fræ ættliðanna á undan stofnfræi, og
- ómeðhöndlað fræ, markaðssett til vinnslu, að því tilskildu að tryggt sé að fræið sé ósvikið,
- á markaðinn.“
23. Eftirfarandi undirgrein bætist við í lok 21. mgr.:
- „Aðildarríkin, sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um annaðhvort í a- eða b-lið, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun.“
24. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 21. gr.:
- „21. gr. a
1. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a í 20. gr. geta aðildarríkin:
- a) heimilað framleiðendum á yfirráðsvæði sínu að setja á markað lítið magn af fræi í vísindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar;
- b) heimilað ræktunarmönnum á yfirráðsvæði sínu og fulltrúum þeirra að markaðssetja í tiltekinn tíma fræ sem telst til yrkis sem sótt hefur verið um að verði skráð í innlenda tegundaskrá í a.m.k. einu aðildarríki og sem sérstakar tæknilegar upplýsingar hafa verið lagðar fram fyrir.
2. Skilyrðin fyrir því að aðildarríkin geti veitt heimildirnar sem um getur í b-lið hér að framan skulu ákvörðuð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr., einkum að því er varðar öflun gagna, tegund gagna, geymslu og heiti yrkisins og merkingu umbúða.
3. Heimildir, sem aðildarríkin veita framleiðendum á yfirráðsvæði sínu áður en þessi tilskipun er samþykkt í þeim tilgangi sem getið er um í 1. mgr., skulu haldast í gildi þar til ákvæðin, sem um getur í 2. mgr., hafa verið fastsett. Eftir það skulu allar slíkar heimildir vera samkvæmt ákvæðunum sem eru sett í samræmi við 2. mgr.“
25. Í stað 3. mgr. 24. gr. komi eftirfarandi:
- „3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta aðildarríkin heimilað sínum eigin framleiðendum að markaðssetja litla pakka af blöndum af stöðluðu fræi mismunandi yrkja af sömu tegund. Ákvarða skal tegundirnar, sem þessi ákvæði gilda um, reglur um hámarksstærð litilla pakka og kröfur um merkingu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr.“
26. Eftirfarandi orð bætist við í lok 4. mgr. 25. gr.:
- „... sem er lokað á yfirráðsvæði þeirra. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr.“

27. Í stað 1. mgr. a í 26. gr. komi eftirfarandi:

„1a. Aðildarríkin geta kveðið á um undantekningar frá 1. mgr. þegar um er að ræða litla pakka sem er lokað á yfirráðasvæði þeirra. Ákveða má skilyrði fyrir þessum undantekningum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr.“

28. Í stað 1. mgr. 28. gr. komi eftirfarandi:

„1. Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr. er hægt að ákveða að í öðrum tilvikum en þeim sem þegar hefur verið kveðið á um í þessari tilskipun, skuli merkimiði birgis vera á pökkum með stofnfræi, hvers konar vottuðu fræi eða stöðluðu fræi (sem getur verið annaðhvort merkimiði, aðskilinn frá opinbera merkimiðanum, eða upplýsingar frá birgi sem eru prentaðar á pakkann sjálfan).

Einstök atriði, sem eiga að koma fram á slíkum merkimiða, skulu einnig ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr.“

29. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 28. gr.:

„28. gr. a

Þegar um er að ræða fræ af erfðabreyttu yrki skal tilgreina á skýran hátt á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða fylgir með framleiðslueningu fræsins samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að yrkið sé erfðabreytt.“

30. Í stað 1. mgr. 30. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ, sem er sett á markað samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er skyldubundið eða að eigin ákvörðun, sé ekki háð neinum markaðstakmörkunum að því er varðar eiginleika þess, kröfur um athugun, merkingu og lokun umbúða, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða einhverri annarri tilskipun bandalagsins.“

31. Ákvæði 3. mgr. 30. gr. falli úr gildi.

32. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 30. gr.:

„30. gr. a

Skilyrði fyrir því að setja megi kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræinu á markað samkvæmt fyrsta undirliði 20. gr. a skulu vera sem hér segir:

- fræið skal hafa fengið opinbera skoðun hjá þar til bærum vottunaraðila í samræmi við gildandi ákvæði um vottun stofnfræs;
- fræið skal vera í umbúðum í samræmi við þessa tilskipun; og
- á umbúðunum skal vera opinber merkimiði þar sem fram koma a.m.k. eftirtaldir upplýsingar:

— vottunaraðili og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,

— tilvísunarnúmer framleiðslueningar,

— mánuður og ár lokunar umbúða, eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku vegna vottunar,

— tegundir, tilgreindar a.m.k. með grasaheiti sínu sem má vera stytt heiti og án höfundarnafns, í latneskum bókstöfum,

— yrki, tilgreint a.m.k. í latneskum bókstöfum,

— merkingin „af ættlið á undan stofnfræi“,

— fjöldi ættliða á undan fræi sem er í flokknum „vottað fræ“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.“

33. Í stað 2. mgr. 31. gr. komi eftirfarandi:

„2. Matjurtufræ, sem hefur verið uppskorið í bandalaginu og á að setja í vottun í samræmi við 1. mgr., skal:

— vera í umbúðum og merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka í samræmi við 1. mgr. 25. gr., og

— því skal fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðunum í fyrsta undirliði um pökkun og merkingu ef það eru sömu yfirvöld sem annast akurskoðun, útbúa vottunarskjöl vegna fræs sem hefur ekki verið vottað endanlega og annast vottun eða ef þessi yfirvöld eru sammála um að veita undanþágu.“

34. Eftirfarandi komi í stað 33. gr.:

„33. gr.

1. Til að komast hjá tímabundnum vanda sem skapast í bandalaginu m.t.t. almenns framboðs á stofnfræi, vottuðu fræi, eða staðalfraei, sem ekki er hægt að leysa með öðru móti, er heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr., að aðildarríkin veiti, í tiltekinn tíma í öllu bandalaginu, leyfi fyrir markaðssetningu á nauðsynlegu magni af fræi, í flokki sem vægari kröfur gilda um eða fræi af yrki sem er ekki í sameiginlegu skránni yfir matjurtategundir eða í innlendum tegundaskránni í aðildarríkjunum, til að leysa erfiðleika varðandi framboðið.

2. Þegar um er að ræða flokk fræs af tilteknu yrki skal opinberi merkimiðinn eða merkimiði birgis vera merkimiðinn sem notaður er fyrir viðkomandi flokk; þegar um er að ræða fræ sem er ekki í framangreindum skráum skal litur merkimiðans vera brúnn. Á merkimiðanum skal alltaf koma fram að viðkomandi fræ sé í flokki sem vægari kröfur gilda um.

3. Heimilt er að samþykkja reglur um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr.“

35. Í stað 1. mgr. 35. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber skoðun fari fram í tengslum við markaðssetningu matjurtafræs, a.m.k. með úrtakskönnunum, til að sannreyna hvort kröfur og skilyrði þessarar tilskipunar séu uppfyllt.“

36. Í stað 2. mgr. 35. gr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um frjálstan flutning á fræi innan bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau fái upplýsingar um eftirfarandi atriði þegar meira en tvö kíló af fræi, sem er flutt inn frá þriðja landi, eru sett á markað:

- a) tegund,
- b) yrki,
- c) flokkur,
- d) framleiðsluland og opinber skoðunaraðili,
- e) sendingarland,
- f) innflytjandi,
- g) magn fræs.

Heimilt er að ákveða á hvern hátt þessar upplýsingar skuli veittar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr.“

37. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 39. gr.:

„39. gr. a

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr. til að taka tillit til þróunarinnar varðandi skilyrðin fyrir því að setja megí efnafraðilega meðhöndlað fræ á markað:

2. Setja skal sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr. svo að tekið sé tillit til þróunarinnar að því er varðar varðveislu á staðnum og sjálfbæra nýtingu erfðaaðlinda jurta við ræktun og markaðssetningu á fræi af:

- a) upprunalegum tegundum og afbrigðum sem hefð er fyrir því að rækta á tilteknum stöðum og svæðum og

eru í hættu vegna erfðatæringar, sbr. þó ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1467/94;

- b) afbrigðum sem hafa ekkert raunverulegt gildi í framleiðslu á sölukorni en hafa verið þróuð til að vaxa við sérstök skilyrði.

3. Sérstöku skilyrðin, sem um getur í 2. mgr., skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:

- i) að því er varðar a-lið skulu upprunalegar tegundir og afbrigði samþykkt í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Einkum skal taka tillit til niðurstaðna úr óopinberum prófunum og þekkingar sem hefur fengist með reynslu af ræktun, æxlun og notkun og nákvæmra lýsinga á afbrigðum og viðeigandi nöfnum þeirra sem hafa verið tilkynnt til viðkomandi aðildarríkis og ef þetta er fullnægjandi felur það í sér undanþágu frá kröfunni um opinbera athugun. Þegar slík upprunaleg tegund er samþykkt skal hún tilgreind sem „varðveisluaufbrigði“ í sameiginlegu skránni;

- ii) að því er varðar a- og b-lið, viðeigandi magn-takmarkanir.“

38. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 40. gr.:

„40. gr. a

1. Þegar fylgja ber málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í þessari grein, skal formaður fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt (hér á eftir kölluð „nefndin“) vísa málum til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem ber að samþykkja. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veiga eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið

um þær ráðstafanir sem ber að samþykkja. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.“

39. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 41. gr.:

„41. gr. a

1. Hægt er að setja sérstök skilyrði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 40. gr. til að taka tillit til þróunarinnar að því er varðar:

- a) skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hefur fengið efnafræðilega meðhöndlun;
  - b) skilyrði fyrir því að setja megi fræ á markað í tengslum við varðveislu á staðnum og sjálfbæra notkun erfðaauðlinda plantna, þ.m.t. fræblöndur af tegundum sem innihalda einnig tegundirnar sem eru skráðar í 1. gr. tilskipunar ráðsins 70/457/EBE, og eru bundnar sérstökum ósnortnum og lítt snortnum heimkynnum og eru í hættu vegna, erfðatæringar;
  - c) skilyrði fyrir markaðssetningu fræs sem hentar vel til lífrænnar ræktunar.
2. Sérstöku skilyrðin, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum fela í sér eftirtalin atriði:
- i) varðandi b-lið skal fræ þessara tegunda vera af þekktum uppruna sem viðeigandi yfirvald í hverju aðildarríki hefur samþykkt vegna markaðssetningar fræsins á ákveðnum svæðum;
  - ii) varðandi b-lið, viðeigandi magntakmarkanir.“

40. Eftirfarandi komi í stað 42. gr.:

„42. gr.

Að undangenginni umsókn aðildarríkis, sem farið skal með eins og mælt er fyrir um í 40. gr., má leysa það ríki, að hluta til eða að öllu leyti, undan þeirri skyldu að fara að þessari tilskipun að því er varðar ákveðnar tegundir sem eru yfirleitt ekki ræktaðar eða markaðssettar á yfirráðasvæði þess, að því tilskildu að það sé ekki í andstöðu við 1. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 30. gr.“

8. gr.

1. Aðildarríki getur, á aðlögunartímabili sem er ekki meira en fjögur ár eftir gildistöku laga og stjórnsýsluákvæða sem eru nauðsynleg til að fara að þessari tilskipun og þrátt fyrir a- og b-lið C-hluta 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 66/401/EBE,

leyft að fræ af ættlið, sem hefur áður verið leyfður, verði sett á markað.

2. Aðildarríki getur einnig, á aðlögunartímabili sem er ekki meira en fjögur ár eftir gildistöku laga og stjórnsýsluákvæða sem eru nauðsynleg til að fara að þessari tilskipun, og þrátt fyrir 22. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, sem fellir úr gildi a-lið 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 66/402/EBE, haldið áfram að takmarka markaðssetningu vottaðs fræs af höfnum, byggi, ris, rúghveiti, hveiti eða spelti við fyrsta ættlið.

3. Aðildarríki sem eins og sakir standa viðhalda takmörkunum á markaðssetningu fôðurjurtafræs í fræblöndum í samræmi við 13. gr. tilskipunar 66/401/EBE geta einnig, á aðlögunartímabili sem skal ekki standa lengur en í fjögur ár eftir gildistöku laga og stjórnsýslufyrirmæla sem eru nauðsynleg til að fara að þessari tilskipun, og þrátt fyrir 19. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar, haldið áfram að banna markaðssetningu fôðurjurtafræblandna.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tólf mánuðum eftir birtingu þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega.

Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. desember 1998.

Fyrir hönd ráðsins,  
W. MOLTERER  
forseti.

**Fylgiskjal 2.****TILSKIPUN RÁÐSINS 2002/68/EB**

frá 19. júlí 2002

**um breytingu á tilskipun 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Gildissvið tilskipunar 2002/57/EB <sup>(3)</sup> skal einnig ná til samyrkja (s: samsettra yrkja) olíu- og trefjaplöntutegunda. Einnig er rétt að skilgreina þau skilyrði sem samyrki þurfa að uppfylla, þar á meðal lit opinbera merkimiðans sem krafist er að sé á pakningum vottaðs fræs af samyrkjum.
- 2) Fella ætti fræ af blendingsyrkjum olíu- og trefjaplöntutegunda auk sólfífls undir gildissvið tiltekinna skilgreininga í tilskipun 2002/57/EB vegna aukins vægis þeirra í bandalaginu.
- 3) Breyta ber tilskipun 2002/57/EB til samræmis við það.
- 4) Vegna aukins vægis, sem slíkt fræ hefur í bandalaginu, samþykkt framkvæmdastjórnin ákvörðun 95/232/EB <sup>(4)</sup> í þeim tilgangi að setja skilyrði sem fræ blendinga og samyrkja af reppu og akurfrækáli þurfa að uppfylla. Ákvörðun þessi féll úr gildi 30. júní 2002. Því er rétt að halda í skilyrði bandalagsins varðandi markaðssetningu slíks fræs þar til ný ákvæði koma til framkvæmda.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Tilskipun 2002/57/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein er skotið inn í 2. gr.:

„3a. Breytingar á c- og d-lið 1. mgr. í þeim tilgangi að fella undir gildissvið þessarar tilskipunar blendinga olíu- og trefjaplantna, annarra en sólfífls, skulu samþykktar í samræmi við málsméðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr.“

<sup>(1)</sup> Álitum var skilað 2. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(2)</sup> Álitum var skilað 17. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjótd. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

<sup>(4)</sup> Stjótd. EB L 154, 5.7.1995, bls. 22. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2001/18/EB (Stjótd. EB L 4, 9.1.2001, bls. 36).

2. Eftirfarandi málslið er skotið inn á eftir öðrum málsliðum í a-lið 1. mgr. 12. gr.:

„Þegar um er að ræða vottað fræ af samyrki skal merkimiðinn vera blár með grænu skástríki.“

3. Eftirfarandi grein er skotið inn:

„19. gr. a

1. Aðildarríkin skulu heimila markaðssetningu fræs olíu- og trefjaplöntutegunda í formi samyrkja.

2. Í 1. mgr. er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „samyрки“: samsetning af vottuðu fræi tiltekins, frjóberaháðs blendinga, sem er leyft opinberlega samkvæmt tilskipun 2002/53/EB, og vottuðu fræi eins eða fleiri tiltekinna frjóbera, leyft með sama hætti og vélrænt blandað í hlutföllum sem einstaklingar, sem eru ábyrgir fyrir viðhaldi þessara þátta, ákveða í sameiningu eftir að samsetningin hefur verið tilkynnt vottunaryfirvaldinu,

b) „frjóberaháður blendingur“: karlófrjóí þátturinn í „samyрки“ (kvenþátturinn),

c) „frjóberi eða frjóberar“: sá þáttur í „samyрки“ sem dreifir frjóörnum (karlþátturinn).

3. Fræ af kven- og karlþáttum skulu bæsuð með fræbæsi í mismunandi lit.“

*2. gr.*

Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2002“ í 5. mgr. 5. gr. ákvörðunar 95/232/EB komi „30. júní 2003“.

*3. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnábyrgðarmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júní 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

4. gr.

Gjört í Brussel 19. júlí 2002.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*Fyrir hönd ráðsins,*

T. PEDERSEN

*forseti.*

Ákvæði 2. gr. gilda frá 1. júlí 2002.